Nóvember
2011

HÓPSLYSAÆFING
SKÝRSLA

Hópslysaæfing í umdæmi lögreglustjórans á Blönduósi

Undirbúningur, framkvæmd, rýni og niðurstöður



Ríkislögreglustjórinn

Lögreglustjórinn á Blönduósi

Almannavarnanefnd Húnavatnssýslna

Ritstjóri

Íris Marelsdóttir,
Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra

Uppsetning

Rögnvaldur Ólafsson,
Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra

Æfingastjórn

Kristján Þorbjörnsson
Lögreglan á Blönduósi

Einar Óli Fossdal,
Sjúkraflutningar HSB

Hilmar Frímannsson
Slökkviliðið á Blönduósi

Íris Marelsdóttir
Víðir Reynisson
Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra

Efnisyfirlit

Inngangur 4

Samantekt 5

Undirbúningur 6

Framkvæmd 11

Þáttur fjölmiðla 21

Rýni 22

Niðurstöður 27

Tillögur til úrbóta 28

Viðaukar 29

Viðauki 1. Sviðsmynd skrifborðsæfingar þann 14. október 2011 29

Viðauki 2. Öryggisreglur æfingarinnar og fjarskiptaskipulag. 30

Viðauki 3. Fundargerð rýnifundar 15. október í Víðihlíð. 31

Viðauki 4. Umfjöllun fjölmiðla um æfinguna. 34

Viðauki 5. Gátlistar vegna rýni 37

Viðauki 6. Leyfisbréf og skráning leikara 47

Inngangur

Í þessari skýrslu er farið yfir undirbúning, framkvæmd og niðurstöður æfingar sem haldin var í umdæmi lögreglunnar á Blönduósi þann 15. október 2011. Gátlistar vegna hvers verkþáttar eru lagðir fram og í viðauka eru lögð fram helstu vinnuskjöl sem notuð voru í æfingunni. Samantekt þessarar skýrslu er að finna á bls. 5 en niðurstöður rýni og tillögum til úrbóta eru gerð skil á bls. 27 og 28. Myndir á æfingunni tóku Birgir Ingólfsson, lögreglunni á Blönduósi og Rögnvaldur Ólafsson, almannavarnadeild RLS.

Markmið þessarar æfingar var að æfa samstarf og samhæfingu viðbragðsaðila á vettvangi, æfa einstaka verkþætti í hópslysum og nota æfinguna til að skoða drög að viðbragðsáætlun umdæmisins vegna hópslysa. Sérstakir gátlistar fyrir ráðgjafa voru notaðir í fyrsta sinn á þessari æfingu og var markmið að kanna hvort gagn væri af þeim og eins hvort það þyrfti að hanna þá betur. Samráðshópur áfallahjálpar í umdæminu fékk einnig tækifæri til að koma saman og æfa sitt hlutverk samkvæmt Skipulagi áfallahjálpar á Íslandi frá árinu 2010.

Það er mat æfingastjórnar að markmiðum hafi í meginatriðum verið náð.

Drög að hópslysaætlun fyrir umdæmið liggja fyrir og ljúka þarf þeirri vinnu sem fyrst.

Æfingastjórn vill koma á framfæri þökkum til allra þeirra aðila sem komu að þessari æfingu með einum eða öðrum hætti og vonar jafnframt að æfingin verði til þess að skerpa enn frekar á mikilvægi samstarfs allra aðila og mikilvægi reglulegra æfinga og þekkingaröflunar.



Mynd: Birgir Ingólfsson

Samantekt

- Þátttakendur í þessari æfingu voru samtals 156 og er frekari greiningu á þátttakendum að finna í töflu á bls. 19. Almenn ánægja var með æfinguna.

- Rysjótt veður var þann dag sem æfingin fór fram. 6 stiga hiti og sunnan strekkingur. Í lok æfingar fór að rigna. Æft var í raunveðri og rauntíma. Slysavettvangur var á vegi nr. 715 í Víðidal, rétt við bæinn Þórukot. Á vettvangi voru 3 bílflök og einn áætlunarbíll. Söfnunarsvæði slasaðra og fjöldahjálparstöð var í Félagsheimilinu Víðihlíð. Ferill sjúklinga var æfður þar til búið var að tæma söfnunarsvæðið að mestu. Fjöldahjálpin var æfð og einnig samspil hennar við söfnunarsvæði slasaðra. Samráðshópur áfallahjálpar tók þátt í æfingunni á þann hátt að hópurinn kom á vettvang og skoðaði aðstæður, kom sér síðan fyrir á veitingastaðnum í Víðigerði, fékk niðurstöður bráðaflokkunar í hendur og verkefni hópsins var að skila stuttri skýrslu um fyrirliggjandi verkefni í kjölfar slyss af þessari stærðargráðu. Í samhæfingarstöðinni í Reykjavík var einn fulltrúi frá almannavarnadeild og einn neyðarvörður frá 112. Þeirra hlutverk var að svara fyrirspurnum aðgerðastjórnar og leika hlutverk Samhæfingarstöðvar.

- Í upphafi æfingar var haldinn stuttur fundur í Víðihlíð með öllum þátttakendum þar sem farið var yfir framgang æfingarinnar og helstu öryggisatriði. Eftir það var æfingin boðuð af Neyðarlínu.

- Ráðgjafar voru fengnir frá Reykjavík, Akureyri og Sauðárkróki til þess að vera verkþáttastjórum, vettvangstjórn (VST), aðgerðastjórn (AST) og samráðshópi áfallahjálpar innan handar, ásamt því að rýna störf þeirra.

- Degi fyrir æfinguna var haldin skrifborðsæfing með AST, VST og verkþáttastjórum. Markmið þessarar æfingar var að fara yfir SÁBF verkþáttaskipulag almannavarna og TETRA talhópa sem nota skyldi í raunæfingu. Einnig var fræðsludagskrá í boði fyrir alla þátttakendur. Sama dag var einnig boðunaræfing og þar kom í ljós að stór hluti heilbrigðisstarfsmanna fékk ekki boð. Sama átti við um fulltrúa samráðshóp áfallahjálpar.

- Viðbragðsaðilar í Húnavatnssýslum eru vel þjálfaðir og kunna vel til verka. Fræðslu þarf að bæta um notkun TETRA og einnig þarf að auka þekkingu á SÁBF verkþáttaskipulagi almannavarna. Hvað vettvangsvinnu varðar þarf að auka öryggisvitund viðbragðsaðila og björgunarsveitarmenn verða að vita hver er þeirra yfirmaður. Merkingar verkþáttastjóra þurfa að vera til staðar í bifreiðum viðbragðsaðila.

- Ekki allar bifreiðar viðbragðsaðila eru ferilvaktaðar og TETRA samband í félagsheimilinu Víðihlíð er gloppótt.

- Lítillega þarf að bæta aðstöðu AST með rafmagnstenglum og skjávarpatengingum.

- Viðbragðsaðilar þurfa að uppfæra sínar boðunarskrár árlega. Skrá þarf nýjar upplýsingar í BJARGAR grunninn og í hópslysaáætlun umdæmisins.

- Æfingastjórn leggur til að fræðsla (skrifborðsæfing) um skipulag almannavarna verði haldin árlega meðal viðbragðsaðila innan umdæmis lögreglunnar á Blönduósi og að starfsfólk HSB á Blönduósi og HVE á Hvammstanga fari árlega og í samstarfi stofnana yfir bráðaflokkun, áverkamat og uppsetningu á söfnunarsvæði slasaðra (SSS). Eins leggur æfingastjórn til að almannavarnadeild gefi út teikningu af SSS þar sem fram komi helstu vinnusvæði.

- Æfingastjórn leggur til að almannavarnadeild RLS endurskoði gátlista og að endurskoðun fari fram vegna skipulags rýnifunda almennt.

- Samráðshópur áfallahjálpar í umdæminu þarf stuðning við að koma vinnu hópsins af stað.

- Í svona stórum æfingum þarf að vera meiri mönnun í SST, eða um 5-6 aðilar.

Undirbúningur

Undirbúningur að hópslysaæfingu í umdæmi lögreglunnar á Blönduósi hófst snemma vors árið 2011. Æfingastjórn var skipuð og í apríl var haldinn fyrsti fundur æfingastjórnar. Þá voru fyrstu drög að hópslysaáætlun umdæmisins tilbúinn til yfirlestrar. Samþykkt var að hafa skrifborðsæfingu fyrir almannavarnanefnd þann 11. maí og boða til raunæfingar laugardaginn 28 maí. Raunæfingu var frestað vegna eldgoss í Grímsvötnum og fór hún fram laugardaginn 15. október 2011.

Æfingastjórn/stýrihópur vettvangsæfingar: Kristján Þorbjörnsson yfirlögregluþjónn, Hilmar Frímannsson Slökkviliði Blönduóss, Einar Óli Fossdal Heilbrigðisstofnun Blönduóss, Íris Marelsdóttir avd- RLS og Víðir Reynisson avd-RLS

Þátttakendur- tengiliðir þeirra og netföng:

Innan umdæmis:

Lögreglan á Blönduósi, *Gréta Björg Lárusdóttir,* gretabj@syslumenn.is *og Kristján* Þorbjörnsson, kristjan@tmd.is

Slökkviliðið á Blönduósi, *Hilmar Frímannsson,* brekka26@simnet.is

Björgunarsveitir SL, Húnar – Hvammstanga, *Gunnar Örn,* gunnarja@simnet.is
Blanda – Blönduósi, *Egill Þorri,* egillst@simnet.is
Strönd- Skagaströnd, *Reynir Lýðsson,* petaj@simnet.is

Heilbrigðisstofnun Blönduóss og sjúkraflutningar innan umdæmis, *Einar Óli Fossdal,* einar@hsb.is

Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Hvammstanga, *Geir Karlsson,* geir.karlsson@hve.is

RKÍ deildir umdæmis *Hafdís Vilhjálmsdóttir,* ahun@redcross.is

Almannavarnanefnd umdæmis, *Bjarni Stefánsson,* bjarni@syslumenn.is

Þjóðkirkjan, *Guðni Ólafsson,* srgudni@mmedia.is

Samráðshópur áfallahjálpar í umdæminu: *Guðmundur Haukur Sigurðsson,* gudmundur.sigurdsson@hve.is (verður fjarverandi á æfingunni)

Þátttakendur utan umdæmis (ráðgjafar):

Almannavarnadeild RLS, *Víðir Reynisson,* vidir@rls.is *Rögnvaldur Ólafsson,* rognvaldur@rls.is *Íris Marelsdóttir,* iris@rls.is *Eggert Magnússon,* eggertm@rls.is

Neyðarlínan, *Garðar Gíslason*, gardar.gislason@112.is

Slysavarnafélagið Landsbjörg, *Björgvin Herjólfsson,* bjorgvin@landsbjorg.is

Rauði kross Íslands, *Jón Brynjar Birgisson*, jon@redcross.is

Slökkvilið ISAVIA, *Þorlákur Helgason*, thorlakur.helgason@isavia.is

Landspítali, *Bára Benediktsdóttir,* baraben@landspitali.is

Umsjón og eftirlit með leikurum, *Vigdís Agnarsdóttir*, vigdisa@gardaskoli.is

Umsjón meða samráðshópi áfallahjálpar, *Aðalbjörg Hallmundsdóttir,* allah@skagafjordur.is

Fjármögnun raunæfingar:

Hvert embætti /stofnun bar ábyrgð á sínum kostnaði vegna æfingarinnar. Hver ráðgjafi var í umboði sinnar stofnunar eða fyrirtækis og með fáeinum undantekningum þá báru vinnuveitendur ráðgjafa ábyrgð á kostnaði vegna þeirra framlags til æfingarinnar. Almannavarnadeild RLS bar ábyrgð greiðslu vegna trygginga leikara á æfingunni. Annan kostnað vegna æfingarinnar svo sem leigu á húsnæði til æfingahalds og fræðslu, morgun- og hádegisverðar og leigu á áætlunarbifreið, samþykktu sveitarfélögin að greiða. Áætlun vegna annars kostnaðs var um 310 þúsund krónur.

Skrifborðsæfingar fyrir verkþáttastjóra, VST og AST þann 11. maí og 14. október :

Þann 11. maí var haldin hálfsdags skrifborðsæfing fyrir þátttakendur í raunæfingu. Áhersla var lögð á aukinn skilning á verkefnum VST annars vegar og verkefnum AST hins vegar. Markmið æfingarinnar var að undirbúa viðbragðsaðila fyrir raunæfinguna og eins að prófa drög að hópslysaáætlun umdæmisins. Fyrir æfinguna var haldin fundur með almannavarnanefnd og æfingin fór fram strax að honum loknum. Eftir æfinguna fundaði æfingastjórn og fór yfir verkáætlun vegna raunæfingar sem átti að vera 28. maí en eins og áður hefur komið fram var hún haldin þann 15. október. Aftur var haldin skrifborðsæfing þann 14. október og þá var áhersla lögð á fræðslu á verkþáttaskipulagi almannavarna og farið yfir TETRA kerfið og þá talhópa sem notaðir voru á raunæfingu. Æfingarnar voru haldnar í húsnæði björgunarsveitarinnar Blöndu á Blönduósi.

Gátlisti skrifborðsæfinga þann 11. maí og 14. október:

Verkefni. Skrifborðsæfing	**Ábyrgð**
Undirritun viðbragðsáætlunar vegna hópslysa	Bjarni Stefánsson
Gera dreifingarlista (netpóstur)	Lögreglan
Gera æfingarhandrit	Íris Marelsdóttir
Húsnæði	Húsnæði björgunarsveitarinnar Blöndu

Markmið raunæfingar var að:

Æfa drög að viðbragðsáætlun vegna hópslysa í viðkomandi umdæmi

Æfa samstarf og samhæfingu viðbragðsaðila

Æfa einstaka verkþætti í hópslysum

Æfa verkþætti þeirra stofnana sem taka þátt í æfingunni

Prófa sértæka gátlista ráðgjafa í fyrsta sinn

Samráðshópur áfallahjálpar fái að æfa sig

Boðunaræfing:

Var haldin föstudaginn 14. október kl. 11.00 og var hún framkvæmd af Neyðarlínu. Þeir sem venjulega eru kallaðir út þegar slys verður á þessu svæði, fengu boð frá Neyðarlínu.

Æfingabúnaður frá almannavarnadeild RLS:

Að venju þá lagði almannavarnadeild RLS til bílaleigubíla fyrir ráðgjafa, ráðgjafavesti, harðspjaldamöppur ásamt gátlistum, gestavesti, TETRA stöðvar, skjávarpa, tölvur, prentara, búnað vegna skrifborðsæfinga og eyðublöð er nota skyldi á æfingunni. Eins lagði deildin til æfingaspjöld vegna bráðaflokkunar og áverkamats. Æfingaspjöldin eru samhljóða bráðaflokkunarspjöldum sem vistuð eru í bifreiðum viðbragðsaðila en eru merkt sérstaklega fyrir æfingar.

Vettvangur raunæfingar og takmarkanir:

Slysavettvangur var á vegi nr. 715 í Víðidal, rétt við bæinn Þórukot. Á vettvangi voru 3 bílflök og einn áætlunarbíll. Brunavarnir á Hvammstanga sáu um uppsetningu á vettvangi í samráði við ráðgjafa björgunarstjóra sem kom frá ISAVIA. Um var að ræða þröngan malarveg og átti „slysið" sér stað við afleggjara að gömlum gryfjum. Frá vettvangi voru um 6 kílómetrar í Víðihlíð.

Um var að ræða vettvangsæfing með slysi á 41 aðila. Að auki voru 4 „látnir" á vettvangi í formi vinnugalla sem búið var að fylla af heyi. Á vettvangi var áætlunarbíll í fullri notkun sem ekki mátti skemma og að auki 3 bílflök. Eitt bílflakanna var á hliðinni, öðru hafði verið stungið á endann ofan í skurð og það þriðja hafði lent í árekstri við áætlunarbílinn. „sjúklingar" voru í öllum bílflökunum og í áætlunarbílnum.

Áhersla var lögð á samstarf og samhæfingu viðbragðsaðila en einnig var reynt á alla verkþætti. AST og VST voru virkjaðar svo og verkþáttastjórar á slysstað en það eru: björgunarstjóri, gæslustjóri, aðhlynningarstjóri og flutningsstjóri. AST hafði aðsetur í húsnæði björgunarsveitarinnar Blöndu á Blönduósi. Takmörkuð mönnun var á SST en þar var einn maður frá almannavarnadeild RLS og einn neyðarvörður frá Neyðarlínu. Virkjað var samkvæmt fyrirliggjandi drögum að hópslysaáætlun. Söfnunarsvæði slasaðra (SSS) var í félagsheimilinu Víðihlíð. Samráðshópur áfallahjálpar var kallaður út á sama tíma og aðrir viðbragðsaðilar og fékk hann sviðsmynd æfingar til að nota á skrifborðsæfingu. Í lok æfingar skilaði hópurinn skriflegri úrlausn.

Æfingin takmarkaðist við vettvang, söfnunarsvæði slasaðra, vinnu AST og takmarkaða mönnun á SST (2 í áhöfn). Ekki var reynt á móttöku slasaðra á HSB eða HVE en viðbragðsstjórn HSB var mönnuð að hluta. Á vettvangi voru ráðgjafar merktir sérstaklega og fylgdu þeir VST og verkþáttastjórum og rýndu störf þeirra ásamt því að reyna að ná yfirsýn yfir allan vettvanginn. Sérstakir boðsgestir fylgdu ráðgjöfum og voru þeir klæddir vestum sem fengin voru að láni frá ISAVIA. Ekki var boðið upp á sérstaka gestadagskrá en einn gestur fylgdi hverjum ráðgjafa. Allir ráðgjafar voru með sérstaka rýnilista til að vinna eftir og var það í fyrsta sinn sem þessir listar voru notaðir. Einn aðili æfingastjórnar var staðsettur í Víðihlíð allan æfingatímann og stýrði hann brottfarartíma bifreiða viðbragðsaðila frá Víðihlíð. Einnig var aðili frá æfingastjórn staðsettur í AST og sinnti þar ráðgjöf og eftirliti. Aðrir fulltrúar æfingastjórnar voru á vettvangi og þar var æfingastjóri staðsettur þar til allir sjúklingar voru komnir á SSS en þá flutti hann sig þangað.

Fræðsla og upplýsingamiðlun vegna raunæfingar þann 15. október 2011:

Tími og staður	Efni	Ábyrgð
04.10. mánudagur Kl. 10.00 – 11.00	Símafundur æfingastjórnar	Æfingastjórn
05. 10. Miðvikudagur Kl. 13.00- 15.30 14.10 Allur dagurinn **HSB**	Fræðsla fyrir Heilbrigðisstofnun Blönduóss og Hvammstanga um SÁBF og SSS. Að auki hitti Bára starfsfólk HSB og HVE föstudaginn 14.10. og eyddi með þeim deginum.	Einar Óli og æfingastjórn Bára Benediktsdóttir
14.10. Föstudagur Boðunaræfing	Allir þátttakendur fá SMS um æfinguna. Ekki er þörf á svörun	112
14. 10 Föstudagur kl. 15.00 - 17.00 **Björgunarsveitarhúsið, Efstubraut 6, Blönduós**	Skrifborðsæfing fyrir aðgerðastjórn, vettvangsstjórn, verkþáttastjóra og fjöldahjálparstjóra	Æfingastjórn
14.10 Föstudagur Kl. 17.00 – 19.00 **Harmonikkuheimilið, Þverbraut 1, Blönduósi**	Fyrir alla þátttakendur SÁBF og Bráðaflokkun	Æfingastjórn og ráðgjafar
14.10 Föstudagur kl. 20.00-21.00 **Lögreglustöðin á Blönduósi**	Fræðsla fyrir lögreglumenn. Farið yfir einstaka þætti æfingar sem snúa að hlutverki lögreglunnar	Ráðgjafar Rögnvaldur Ólafsson og Eggert Magnússon
14. 10. Föstudagur Kl. 20.00 – 21.00 **Húsnæði RKÍ Blönduósi**	Fræðsla fyrir þá sem starfa í fjöldahjálparstöðinni og fyrir samráðshóp áfallahjálpar í umdæminu	Ráðgjafi, Jón Brynjar Birgisson frá RKÍ
14. 10. Föstudagur Kl. 20.00 – 21.00 **Harmonikkuheimilið, Þverbraut 1, Blönduósi**	Kynningarfundur fyrir leikara	Ráðgjafi, Vigdís Björk Agnarsdóttir
14. 10. Föstudagur Kl. 21.00 – 22.00 **Harmonikkuheimilið, Þverbraut 1, Blönduósi**	Fundur með aðstoðarfólki förðunar og eftirlits með leikurum	Ráðgjafi, Vigdís Björk Agnarsdóttir
14. 10. Föstudagur Kl. 21.00 – 22.00 **Björgunarsveitarhúsið Efstubraut 6 á Blönduósi**	Fyrir slökkviliðsmenn: Aðkoma að vettvangi og öryggismál á vettvangi	Ráðgjafi, Þorlákur Snær Helgason
14. 10. Föstudagur Kl. 22.00 – 23.00 **Glaðheimar**	Fundur með ráðgjöfum. Farið yfir gátlista ráðgjafa og verkefni þeirra.	Ráðgjafi, Íris Marelsdóttir og Eggert Magnússon

Gátlisti undirbúnings 4. maí – 15.okt

Verkefni	**Ábyrgð**
Kostnaður vegna æfingar	Av-nefnd og æfingastjórn
Áætla fjölda þátttakenda	Kristján Þorbjörnsson
Boðunaræfing	Garðar Gíslason og Íris
Setning og reglur æfingarinnar	Víðir Reynisson
Húsnæði fyrir SSS og fjöldahjálparstöð	Æfingastjórn (Víðihlíð)
Húsnæði fyrir fræðslu	Æfingastjórn
Fræðsla kvöldið fyrir æfingu, gera fræðsludagskrá	avd-RLS
Bráðaflokkunarspjöld	Íris Marelsdóttir
Samband við aðila utan umdæmis	Íris Marelsdóttir
Undirbúningur leikara	Vigdís Agnarsdóttir
Aðstoðarmenn vegna leikara	Einar Óli Fossdal
Útvega leikara	Hilmar Frímannson, ungliðar björgunarsveitanna
Bráðaflokkunarspjöld	Íris Marelsdóttir
Ljúka áætlanagerð	Rögnvaldur Ólafsson og Bjarni Stefánsson
Gera dreifingarlista (netpóstur)	Bjarni Stefánsson
Gera æfingahandrit	Æfingastjórn
Undirbúa vettvang	Slökkviliðið Hvammstanga
Ákveða æfingarstað (vettvang)	Kristján Þorbjörnsson
Finna búnað til æfingar	Hilmar Frímannsson
Finna áætlunarbíl fyrir leikara	Hilmar Frímannsson
Bílflak og íkveikja	Hilmar Frímannsson
Virkja samráðshóp áfallahjálpar	Æfingastjórn
Matur eða annað fyrir „sjúklinga“ ?	Rauða kross deildin
Gesta - vesti og harðspjaldamöppur	Íris Marelsdóttir
Vesti fyrir samráðshóp áfallahjálpar	Jón Brynjar Birgisson
Myndataka á vettvangi	Birgir Ingólfsson
Gisting fyrir ráðgjafa og starfsmenn RSL (5 avd, 1 RKÍ, 1 förðun, 1 SL, 1 Neyðarlínan, 1 ISAVIA)	Iris Marelsdóttir
Fræðsludagskrá	Íris Marelsdóttir



Mynd: Birgir Ingólfsson

Framkvæmd

Eins og fram hefur komið var æfingin formlega sett laugardaginn 15. október kl. 10.00 með fundi í félagsheimilinu Víðihlíð. Allir þátttakendur voru boðaðir á fundinn. Á þessum fundi var farið yfir öryggisreglur æfingarinnar (viðauki nr. 2), umferðarskipulag var rætt og þátttakendur beðnir að gæta að sér og sýna vegfarendum á þjóðvegi 1 fullt tillit. Farið var yfir talhópaskipulag TETRA og skriflegum upplýsingum um skipulagið og öryggismálin var dreift í allar bifreiðar. Þá var sagt frá því að æfingin yrði keyrð hægt áfram og tekin hlé ef á þyrfti að halda. Síðan var æfingin boðuð og fyrstu viðbragðsaðilum hleypt af stað frá félagsheimilinu. Aðrir voru látnir bíða aðeins til að ná fram rauntíma aksturs frá þeirra bækistöðvum.

Boðun:

Æfingin var boðuð með SMS kl. 10.45 en æfingastjóri hafði samband kl. 10.42 og bað um virkjun vegna hópslyss á þjóðvegi nr. 715 í Víðidal. Í fyrstu boðun fengu þessir aðilar SMS skilaboð eða símhringingu:

- Allir sjúkraflutningar í næsta nágrenni (Hvammstangi, Blönduós, Skagaströnd, Skagafjörður, Sauðarkrókur, Hólmavík, Búðardal)
- FML tilkynnt um slysið
- Brunavarnir á Hvammstanga, Blönduósi, Búðardal og Skagaströnd
- Björgunarsveitir á svæði 09
- Hringt í bakvakt almannavarna
- Sjúkraflug upplýst (ekki boðað)
- LHG upplýst um æfinguna
- Hringt í svæðisstjórn á svæði 09 og landsstjórn SL
- Hringt í 70 mann Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins
- Hringt í lækna innan umdæmisins

Í raunverulegu slysi væri bæði þyrla LHG og sjúkraflug kallað út.



Mynd: Birgir Ingólfsson

Upphaf raunæfingar:

Tími	Verkefni	Ábyrgð
15. 10. Laugardagur Kl. 07.30. Undirbúningur fyrir förðun leikara Félagsheimilið Víðihlíð	Aðstoðarmenn förðunar mættu í Víðihlíð ásamt umsjónarmanni leikara og undirbúa förðun þeirra.	Ráðgjafi, Vigdís Björk Agnarsdóttir
15. 10. Laugardagur Kl. 08.00 Leikarar mæta Félagsheimilið Víðihlíð	Leikarar mættu til förðunar og undirbúnings.	Ráðgjafi, Vigdís Björk Agnarsdóttir
15.10. Laugardagur Kl. 10.00 Setning æfingar Félagsheimilið Víðihlíð	Fyrir alla þátttakendur. Farið var yfir reglur æfingarinnar, öryggismál, talhópaskipulag TETRA og umferðarskipulag.	Ráðgjafi, Rögnvaldur Ólafsson
15.10 Laugardagur Kl. 10.45 Boðun æfingar	112 boðaði æfingu með SMS skilaboðum.	112

Fjarskipti – TETRA hópar:

Öll samskipti fóru fram á TETRA og önnur samskiptatæki voru aðeins notuð í undantekningartilfellum. Avd-RLS lánaði TETRA stöðvar til þeirra ráðgjafa sem ekki voru með eigin stöðvar en allir viðbragðsaðilar voru með sínar eigin stöðvar.

Ráðgjafar og æfingastjórn: av-æfing 1

SST- AST: av-uppk_1

AST- VST: av-NL_1

VST - Verkþáttastjórar: av-NL_2

Aðhlynningarstjóri- HSB-AST-SST: av-heilsug_1

Vinnurásir hvers verkþáttar:

Verkþáttur björgunarstjóra: av_1

Verkþáttur aðhlynningarstjóra: av_2

Verkþáttur gæslustjóra: av_3

Verkþáttur flutningsstjóra: av_4

Verkþáttur fjöldahjálpar: av-RKÍ

Tímalínan:

Tíma viðbragðsaðila inn á vettvanginn var stýrt af æfingastjórn og var miðað við rauntíma frá bækistöðvum viðbragðsaðila. Viðbragðsaðilar frá Hvammstanga komu því fyrstir á svæðið en frá þeirra bækistöðvum er styðst inn á vettvanginn. Ráðgjafar voru áður komnir inn á vettvang og einnig gestir. VST hafði húsbíl til umráða og kom hann á vettvang í upphafi æfingar. Lögreglubíll var fyrstur á vettvang.

Kl. 09.00 AST mætir í bækistöð á Blönduósi
Kl. 10.00 Æfing sett í Víðihlíð og stuttur upplýsingafundur í kjölfarið
Kl. 10.45 Æfing boðuð af 112 með SMS skilaboðum
Kl. 10.55 Fyrstu viðbragðsaðilar mæta á vettvang, vegur nr. 715, lögreglubifreið
Kl. 11.00 Bráðaflokkun hefst
Kl. 11.10 Síðustu viðbragðsaðilar leggja af stað inn á vettvanginn, frá Víðihlíð
Kl. 11.25 Fyrstu sjúklingar koma á SSS
Kl. 12.15 Allir sjúklingar farnir af vettvangi
Kl. 13.30 Æfingu slitið
Kl. 14.10 Rýnifundur settur
Kl. 15.00 Rýnifundi slitið

Vinna heilbrigðisþjónustu á vettvangi og á SSS:

Söfnunarsvæði slasaðara (SSS) var í félagsheimilinu Víðihlíð og heilbrigðisstarfsmenn HSB og HVE höfðu áður skoðað teikningar af húsinu og einnig farið í vettvangsferð. Búið var að skipuleggja hvar áverkamat skyldi fara fram og einnig önnur starfssvæði. Einnig höfðu heilbrigðisstarfsmenn farið yfir allan búnað er hafa skyldi með á æfinguna. Þá var einnig búið að ákveða hver væri í hlutverki aðhlynningarstjóra. Samtals tóku 10 heilbrigðisstarfsmenn þátt í æfingunni frá HVE og HSB, auk sjúkraflutningamanna. Mikið álag var á SSS alveg frá því að fyrstu sjúklingar fóru að berast í hús og var gert eitt hlé á æfingunni svo viðbragðsaðilar á svæðinu gætu náð andanum.

Samantekt frá Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi (HSB)

Heildina á litið gekk æfingin vel en það eru að sjálfsögðu mörg atriði sem betur mega fara og hægt er að bæta úr.

Undirbúningur: *Gekk vel. Fræðsla kom frá Almannavarnadeild RLS og Báru (LSH) um efnið. Einnig var fræðsla og annar undirbúningur innanhúss. Starfsfólk HVE á Hvammstanga var boðað á fræðsluna en boðin skiluðu sér ekki nógu vel. Boðun heilbrigðisstarfsfólks á sjálfa æfinguna var ábótavant.*

Úrbætur

- *Athuga boðleiðir þannig að starfsfólk HVE og HSB fari inn á boðunarskrá Neyðarlínunnar.*
- *Halda sameiginlega fræðslufundi um efnið. Bjóða heilbrigðisstofnun á Sauðárkróki að vera með.*
- *Hver heilbrigðisstofnun eigi góðan greiningarsveitabúnað.*
- *Stofna greiningarsveitir þessara stofnana sem fá þjálfun á eins árs fresti. Viðhalda þekkingunni.*
- *Búa til útkallslista greiningarsveita heilbrigðisstofnana og uppfæra reglulega í grunni Neyðarlínunnar.*

Á slysstað:

Skipulag sjúkra- og slökkviliðs er þannig háttað hér að sjúkraflutningamenn starfa innan heilbrigðisstofnunar en eru ekki hluti af slökkviliðinu. Björgunarstjóri samkvæmt SÁBF er oftast frá slökkviliðinu og hefur menntun og reynslu skv. því en ekki sjúkraflutningsmenntun. Svolítið skorti á yfirsýn björgunarstjóra varðandi bráðaflokkun og skipulag á slysstað. Það vantaði stjórnanda frá heilbrigðisgeiranum á slysstaðnum til að skipuleggja bráðaflokkun og vera tengiliður við björgunarstjóra.

Það bar á óskipulagi við talningu í bráðaflokkuninni. Eitthvað sem er auðvelt að laga. Það vantaði greiningarspjöld og það mætti hafa það fyrir reglu að telja ekki skjólstæðinga fyrr en hann fær spjald á sig.

Nauðsynlegt er að hafa vel skilgreint biðsvæði bjarga.

Vettvangsstjórn var ekki nægjanlega áberandi. Hefði mátt vera betur merkt og aðgengilegri. Þannig væri betra að koma skilaboðum áleiðis og stjórna vettvangi.

Fjarskipti á vettvangi: Sjúkrabifreiðar fengu ekki staðfestingu á að boðin hefðu skilað sér þegar þeir tilkynntu komu á vettvang eða við brottför. Aðhlynningarstjóri fékk ekki yfirsýn yfir aðkomu slasaðra á SSS. Bæta þarf tilkynningar sjúkrabifreiða þegar þær yfirgefa vettvang og fara á SSS.

Úrbætur

- *Skipa manneskju (björgunarstjóra 2) með björgunarstjóra 1. Fyrsti læknir á vettvang verði stjórnandi nema hann skipi einhvern fyrir sig.*
- *Merkja stjórnendur á vettvangi vel og að þeir séu vel aðgreindir. Til dæmis með vestum og blikkljósum.*
- *Björgunarstjóri 1 fjarskipti myndi þá sjá um TETRA samskipti og tryggja vettvang ásamt yfirsýn yfir bjargir. Björgunarstjóri 2, umsjón og yfirsýn yfir slasaða. Bráðaflokkun, talningu, skipulagningu og forgangsröðun á SSS.*
- *Biðsvæði bjarga: mannskapur, búnaður og bílar.*
- *Fjarskipti. Fræðsla og betri kynning. Að aðilar viti sín hlutverk. Tilkynni sig inn og*

SSS

Skipulag á SSS gekk vel upp að mestu leiti. Samstarf við RKÍ og alla sem komu að SSS var mjög gott. Nauðsynlegt að hafa fjarskiptaaðstoðarmann með aðhlynningarstjóra til að létta undir.

Það vantaði biðsvæði slasaðra sem áttu eftir að fara í fyrsta áverkamat. Einnig hefði mátt skilgreina svæðin betur. Gula og græna svæðið rann aðeins saman og því vantaði yfirsýn. Hefði þurft að hafa einhvern ábyrgan yfir hverju svæði, stjórna því sem ætti eftir að gera og hafa yfirsýn yfir endurmati o.fl.

Þegar bjargir fóru að berast inn á SSS voru of margir inni í salnum sem ekki áttu erindi. Það þyrfti að vera biðsvæði bjarga fyrir t.d. flutningsmenn þannig að hægt væri að kalla í þá þegar þyrfti. Það var erfitt fyrir aðhlynningastjóra að fá yfirsýn yfir SSS þegar of margir voru þar inni.

Nota þurfti bráðaflokkunarspjöldin betur og skrá í alla reiti . Til dæmis persónupplýsingar og rita hvað var búið að gera og allar tímasetningar. Væri t.d. hægt að nýta sjúkraliða eða RKÍ starfsmann til að fylla út persónuupplýsingar.

Úrbætur

- *Gera hjúkrunarfræðing ábyrgan fyrir ákveðnu svæði innan SSS*
- *Biðsvæði fyrir þá sem fara í fyrsta áverkamat*
- *Allir sem eiga ekki erindi á SSS bíði tilbúnir til aðstoðar. Einskonar biðsvæði bjarga innan SSS*
- *Vinna tveir og tveir saman*
- *Mikilvægt að hafa aðstoðarmann AST með fjarskipti*

Lokaorð

Við viljum þakka fyrir það tækifæri að fá að taka þátt í þessari æfingu. Hún kom að góðum notum og við teljum að við séum betur í stakk búin til að takast á við almannavarnaástand. Að okkar mati er nauðsynlegt að viðhalda þeirri þekkingu sem við öðluðumst og teljum því nauðsynlegt að viðbragðsaðilar fái fræðslu eða æfingar reglulega. Einnig teljum við nauðsynlegt að endurtaka svona æfingar á amk. 3 ára fresti. Umræða hefur skapast um að stofna greiningarsveitir innan stofnana sem viðhalda þekkingu sinni og komi henni áfram til annara starfsmanna. Það gæti verið gott að heilbrigðisstarfsfólk í sýslunum kæmi saman árlega til að fara yfir viðbúnað og rifja upp. Samstarfið við viðbragðsaðila og fulltrúa Almannavarnadeildar RLS gekk vel að okkar mati og viljum við þakka öllum sem komu að æfingunni, ekki síst krökkunum sem stóðu sig með afbrigðum vel.

Kærar kveðjur,

Einar Óli Fossdal, Gerður Beta Jóhannsdóttir, Sigríður Stefánsdóttir

Samantekt frá Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Hvammstanga (HVE)

1. Illa gekk að koma á eðlilegum boðskiptum og HVE fékk ekki upplýsingar um æfinguna fyrr en undirbúningur var kominn vel á veg og upplýsingar bárust í fyrstu frá öðrum viðbragðsaðilum sem höfðu verið upplýstir. Eftir að búið var að koma boðskiptum í farveg, bárust upplýsingar greiðlega. Það er lykilatriði að góð samvinna sé á milli HVE Hvammstanga og HSB. Þó vantaði nokkur lykilatriði inn í upplýsingaflæðið og má nefna að ekki bárust upplýsingar um fjölda þátttakenda frá HSB í æfingunni.

2. Viljum gera athugasemd við drög að Hópslysaáætlun innan umdæmis lögreglunnar á Blönduósi hvað varðar það lykilmenn og stjórnendur innan allra viðbragsgreina eru frá austursýslunni (Aðgerðastjórn skv. 5.2 á bls. 10), og þykir okkur það í óeðlilegt þar sem áætlunin nær yfir báðar sýslurnar.

3. Hvað varðar annan undirbúning fyrir æfinguna þá voru kynningarfundir ágætir, en við hefðum óskað eftir meiri undirbúningi og helst einhverskonar námskeiðum og gefið þessu góðan tíma, þrátt fyrir kreppu. T.d. taka allan daginn fyrir æfinguna í námskeið þar sem etv. hefið verið byrjað með allan hópin, kynning, síðan skipt í hópa og farið nánar í hvert verksvið. Hugsanlega æft verklegar æfingar og fleira. Einnig hefði verið gaman að fá einhverja fræðslu um hvað er nýtt í þessum efnum. Það getur t.d. verið fræðandi að heyra af öðrum svona slysum eða æfingum. Hvað fór úrskeiðis þar, hvað virkaði vel. Þannig mætti læra af hverri æfingu og reyna þannig að þróa betri leiðir og skipulag. Auðvitað er gott að læra af sínum mistökum, en er nauðsynlegt að allir þurfi að reka sig á sömu vandamálin?

Æfingin sjálf 15.10.2011.

Vettvangur

1. Upplýsingar skorti um skipulag á vettvangi. HVE var send fyrst á vettvang samkvæmt æfingaáætlun og vorum við ein þar til að byrja með. Mikilvægt er að fyrsti heilbrigðisaðili á vettvang, oftast vakthafandi læknir, stjórni aðgerðum á vettvangi.

2. Engar takmarkanir voru á aðgengi að slysstað og þegar spurt var hvort svæðið væri tryggt kom óljóst svar að það hlyti að vera. Okkur fannst vanta meiri sýnilega stjórnun á umferð og skráningu á hverjir voru á svæðinu, þ.e. hvað margir björgunarsveitarmenn, slökkviliðsmen og slíkt.

3. Aðkoman á slysstað var „kaotisk" og förðun og uppsetning á slysinu var frábærlega vel gerð og krakkarnir léku sín hlutverk vel og af innlifun. Okkar upplifun var mikið „kaos" og áreiti frá öllum hliðum og erfitt að fá yfirsýn yfir umfangið þar sem strax varð að bregðast við mikilli blæðingu hjá einum sjúklingi. Áður en við náðum einhverri yfirsýn var HSB komið á vetvang og mikill fjöldi annarra viðbragðsaðila og slysstaðurinn varð fljótt yfirfullur af fólki þannig að erfiðlega gekk að fá yfirsýnina og vita fjölda sjúklinga. (Okkur fannst að þarna hefði mátt stýra þessum fjölda meira þannig að menn nýttust betur).

4. Ýmsir hópar (sjúkrabílstjórar og hjúkrunarfræðingar) fóru í að bráðaflokka bæði frá HVE og HSB og gekk það ágætlega, en stundum gleymdist að merkja við fjöldan á spjöldunum og þannig fór talningin úr böndum (atriði sem hefði verið hægt að fara betur yfir í undirbúningi). Okkur fannst of margir vera að flokka þar fór skipulag úr böndum (þarna vantar okkur lærdóm og ráðleggingar um hvernig best er að bera sig að á slysstað þegar fleiri viðbragðsaðilar mæta á staðinn – okkar tilfinning að betra hefði verið að t.d. 2 teymi færi í flokkunina en í minni slysum sennilega bara eitt sem hefði þá betri yfirsýn).

5. Hugmyndin var að grænum yrði safnað saman á ákveðið svæði og keyrðir þaðan m. t.d. björgunarsveitarbílum, en margir sátu hjá rauðum eða gulum félögum og því vaknaði spurning hvort þeir væru betur komnir þar og pössuðu þá hina. Grænir voru svo beðnir að ganga út úr rútunni og blönduðust þá þeim sem úti voru og þar með fór talningin í vaskinn. Við teljum að betra hefði verið að fara með þessa grænu á öruggan stað frá svæðinu og láta gæta þeirra þar og flytja svo þegar tækifæri gæfist. (hérna finnst okkur að við hefðum getað fengið meiri leiðsögn fyrir æfinguna um praktíska hluti á slysstað sem við hefðum þá getað æft okkur á, frekar en að reka sig á svona hluti).

6. Það virðist nokkuð óljóst hver hlýðir hverjum á slysstað og það er nokkuð sem allir verða að vita fyrirfram. T.d. bar nokkuð á því að við heilbrigðisstarfsfólk báðum björgunarsveitarmenn að vera og passa upp á sjúklinga sem biðu meðferðar, en svo þegar að var komið skömmu seinna var þar enginn og sú skýring gefin að þeir hefðu þurft að fara í annað. Sama kvartaði lögreglan yfir. Skiljum líka afstöðu björgunarsveitamanna sem sumum fannst erfitt að vita hverjum þeir ættu að hlýða og hvar þeirra væri mest þörf.

7. Okkur fannst vera mikið fólk á staðnum og spurning hvort allir höfðu einhver verkefni þar. Þetta gerði að erfitt var að finna það fólk sem maður ætlaði að ná í og stjórnendur á vettvangi voru ekki nógu og áberandi og fyndi maður þá voru þeir uppteknir í talstöðinni. Okkur fannst skipulag stjórnunar á slysstað óljóst og hefði verið gott að fá meiri kynningu um hvernig hann er hugsaður. Vakthafandi læknir sem eini læknirinn á staðnum getur varla verið þarna í stjórnunarstöðu þar sem hann þarf að sinna brjáðveikum sjúklingum. Er þá ekki rétt að fela slíka aðgerðarstjórnun heilbrigðisstarfsfólks einhverjum góðum sjúkraflutningsmanni sem í samvinnu við lækninn stýrir aðgerðum hvað sjúklingavinnu varðar, allavega þar til fleiri læknar koma á vettvang. Erlendis þekkist að slíkir aðgerðastjórnendur, einn frá hverjum, slökkviliði, lögreglu, björgunarsveitum og heilbrigðisþjónustu standi saman sem samvinnuhópur á „miðjum" slysstað þar sem allir sjá og geta leitað til varðandi hvaða verkefni þeir eigi að fara í. Á slysstað upplifðum við mestu óreiðuna í upphafi, en fórum flest á SSS með fyrstu sjúklingum.

8. Okkur fannst tilkynningaskyldu út og inn af slysstað ábótavant og óvíst hvort innri lokun var til staðar eða ei. Sjúkrabílstjórar sem tilkynntu sig t.d. með flutning eða komnir aftur fengu staðfestingu og hættu þá að tilkynna sig. Einnig hefði verið gott fyrir SSS að fá meiri upplýsingar um hvað væri á leiðinni og hvað væru margir eftir á vettvangi. (Svona hluti hefði verið gott að ræða fyrir æfingu)

SSS

1. Bráðaflokkunin fannst okkur ganga nokkuð vel, en auðvitað hraðar en ef um alvöru væri að ræða, en sama má segja um aðstreymi sjúklinga sem komu á tímabili í hópum. Gera má ráð fyrir að lengri tíma hefði tekið að losa sjúklinga úr rútu og bílum í alvöru slysi. Okkur fannst aðgengi og uppsetning á SSS virka vel.

2. Þegar áverkamati var lokið var fólk flutt á sín svæði, rauð og gul, en grænir fóru beint fram hjá þessu upphaflega mati og fólk Rauða krossins passaði upp á það. Þegar fleiri læknar komu inn á SSS fór einn þeirra og mat þessa grænu. (Þarna væri gott að fá innspil hvað sé best að gera við slíkar aðstæður þar sem áverkamatsteymið hefur ekki undan með gula og rauða, en auðvitað geta verið sjúklingar í græna hópi sem versna eða eru gulir og rauðir við áverkamat þótt þeir séu grænir í bráðamati, enda breyttist tilstand nokkurra grænna skyndilega). Einn grænn fór t.d. fram hjá áverkamatinu, gekk bara inn og settist og enginn tók eftir honum fyrr en honum snarversnaði og hefði þurft að fá læknishjálp fyrr ef vel ætti að vera.

3. Strax hefði þurft að setja stjórnanda yfir hvert svæði, rautt, gult og grænt, en fólk var svolítið að hlaupa á milli og það er kannski ekki óeðlilegt að fólk fái að prófa sig á fleiri stöðum í ferlinu. Skýringin sennilega að það voru mjög fáir læknar og hjúkrunarfræðingar til að byrja með á SSS.

4. Þegar liðstyrkur lækna og hjúkrunarfræðinga barst á SSS var það ekki nægjanlega áberandi og maður vissi ekki hvenær þeir komu og hvert þeir fóru og hvaða sjúklingum þeir sinntu. Þarna hefði verið gott að hafa einhver vesti til að einkenna hverjir voru í hvaða hlutverkum og slíkt.

5. Rýnifundurinn hefði að okkar mati mátt vera lengri og hvatt meira til spurninga og þátttöku úr sal, jafnvel skipta þessum stóra hópi upp í vinnuhópa og hafa síðan sameiginleg rýni þegar fólk hefði rætt aðeins sín á milli hvaða upplifun það hefði í lok æfingar. Gæti verið að sumum hafi þótt erfitt að standa upp fyrir þetta stórum hópi til að skýra frá sinni upplifun, betra ef það hefði komið frá minni vinnuhópi.

Samantekt

Okkar upplifun er að það sé frábært að fá svona tækifæri eins og þetta og höfum eiginlega beðið lengi eftir og þó svo alltaf megi finna hluti til að gangrýna og kvarta yfir er þetta hollt og nauðsynlegt öllum sem að slíku slysi myndu koma og öll höfum við lært heilmikið á þessu. Það er hinsvegar nauðsynlegt að halda slíkar æfingar, stórar og smáar reglulega og þá gott að geta gert það í samvinnu við nærliggjandi viðbragðsaðilla eins og Blönduós/Skagaströnd og jafnvel fleiri. Við þekkjum okkar fólk, en gott er að þekkja aðeins til annarra og hafa hist við slíkar æfingar, það mun verða til góðs fyrir þolendur slíkra slysa.

Þessi æfing hefur hreyft við okkur hér á stofnuninni og við reynum að bæta það sem aflaga fer, en óskum eftir innspili og ráðleggingum frá ykkur hvað skipulagsmál varðar því þar höldum við að sé tíma og líf að vinna.

Bestu kveðjur og kærar þakkir

Fh. þátttakanda frá Heilbrigðisstofnun vesturlands, Hvammstanga

Geir Karlsson



Mynd: Birgir Ingólfsson

Vinna í fjöldahjálparstöð:

Fjöldahjálparstöðin var einnig staðsett í félagsheimilinu Víðihlíð og var í sal sem var aðskilinn frá söfnunarsvæðinu. Samvinna var á milli SSS og fjöldahjálpar og voru grænir sjúklingar fluttir yfir á fjöldahjálparstöðina. Mikið álag var í fjöldahjálparstöðinni.

Verkefni aðgerðastjórnar (AST):

Almannavarnanefnd umdæmisins sinnti hlutverki AST. Staðsetning var í húsnæði Björgunarsveitarinnar á Blönduósi að Efstubraut 6. Eftirtaldir aðilar sinntu verkefnum AST: Aðgerðastjóri var Bjarni Stefánsson lögreglustjóri og í AST sátu auk Bjarna eftirtaldir: Ágúst Þór Bragason, tæknideild Blönduóssbæjar, Valbjörn Steingrímsson, HSB, Björn Ingi Óskarsson, svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 9, Vignir Sveinsson, oddviti Skagabyggðar, Árný Sesselja Gísladóttir, RKÍ-Austur-Húnavatnssýslu, Þór Sævarsson, svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 9, Björn Hrafnkelsson, fulltrúi lögreglustjóra og Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri Blönduósi.

Samskipti AST, vettvangs, SSS, fjöldahjálparstöðvar og samráðshóps áfallahjálpar:

Öll samskipti voru gegn um TETRA og var fjarskiptamaður staðsettur með AST. Einnig gat AST fylgst með staðsetningu á bifreiðum viðbragðsaðila í gegn um SITEWATCH. Innangengt var á milli SSS og fjöldahjálparstöðvar og það auðveldaði öll samskipti. Samráðshópur áfallahjálpar var með starfsaðstöðu í Víðigerði og var ekki með TETRA og var það eina verkeiningin sem varð að notast við GSM síma.

Samráðshópur áfallahjálpar í umdæmi lögreglunnar á Blönduósi:

Þetta var í fyrsta sinn sem hópurinn tók þátt í svona æfingu og rúmlega helmingur af fulltrúum sá sér fært að vera með. Hópurinn var merktur með lánsvestum frá RKÍ og eftir upphafsfund og setningu æfingarinnar þá fór hópurinn á vettvang og kynnti sér aðstæður. Að vettvangsferð lokinni settist hópurinn niður á veitingastaðnum Víðigerði og fékk í hendur sviðsmynd æfingarinnar á pappír. Hópurinn var síðan beðinn að skila skýrslu til AST þar sem fram skyldu koma upplýsingar um helstu aðgerðir félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu, trúfélaga og sveitarfélaga eftir stórslys innan umdæmisins.



Mynd: Rögnvaldur Ólafsson

Gestalisti:

Almannavarnadeildin hafði milligöngu um að sérstakir gestir fengu að fylgja ráðgjöfum með það að markmiði að læra af þessari æfingu og fara með þekkingu heim í sínar bækistöðvar. Þannig fylgdi björgunarsveitarmaður ráðgjafa flutningsstjóra, lögreglumaður fylgdi ráðgjafa gæslustjóra, heilbrigðisstarfsmaður fylgdi ráðgjafa aðhlynningarstjóra og slökkviliðsmaður fylgdi ráðgjafa björgunarstjóra. Þá var fulltrúa RKÍ Skagafjarðardeild boðið að fylgjast með starfsemi í fjöldahjálparstöð.

Gestur	**Stofnun**
Með ráðgjafa gæslustjóra: Stefán Vagn Stefánsson stefans@tmd.is	Lögreglan á Sauðárkróki
Með ráðgjafa björgunarstjóra: Baldur Ingi Baldursson, marosk@simnet.is	Björgunarsveitin Skagfirðingasveit, Skagafirði
Með ráðgjafa fjöldahjálparstjóra: Laufey Guðmundsdóttir, gudnybj@redcross.is	Skagafjarðardeild RKÍ
Með ráðgjafa björgunarstjóra: Vernharð Guðnason	Brunavarnir Skagafjarðar
Með ráðgjafa aðhlynningarstjóra: Guðrún Jóhannsdóttir gudrun@hskrokur.is	Heilbrigðisstofnun Skagafjarðar



Mynd: Birgir Ingólfsson

Fjöldi viðbragðsaðila og þátttakenda á æfingunni :

	112	RLS	Lögregla	Bruna-varnir ISAVIA	Sjúkra -flutn	SL	HSB HVE LSH	RKÍ	Kirkja	Leikarar	Gestir	Sveitar -félag	Sam-tals
Aðstoð vegna leikara								6					6
Vakstofa 112	1												1
Bakvakt avd		1											1
Á vettvangi			3	18	10	19				41	5	1	97
Á vettvangi Verkþátta-stjórar Vettvangs-stjóri			2			2	1						5
SSS							12						12
AST			2			2	1	1				3	9
Fjöldahjálp Matráðar								5 3					5 3
Samráðshópur áfallahjálpar							1		2			2	5
Æfingastjórn		1	1	1									3
Ráðgjafar	1	3		1		1	1	1		1			9
Samtals	2	5	8	20	10	24	16	16	2	42	5	6	156

Gátlisti framkvæmdar raunæfingar 15. október:

Verkefni	**Ábyrgð**
Setning æfingar	Kristján Þorbjörnsson, lögreglan
Boðun viðbragðsaðila kl. 10.30 – 11.00	112
Æfingastjóri	Íris Marelsdóttir, avd-RLS
Eftirlit og fræðsla:	----------
með AST	Víðir Reynisson, avd-RLS
með aðhlynningarstjóra	Bára Benediksdóttir , LSH
með vettvangsstjórn	Rögnvaldur Ólafsson, avd-RLS
með björgunarstjóra	Þorlákur Helgason, ISAVIA
með gæslustjóra	Eggert Magnússon, avd-RLS
með flutningsstjóra	Björgvin Herjólfsson, SL
með fjöldahjálparstöð	Guðný Björnsdóttir, RKÍ
með leikurum	Vigdís Agnarsdóttir,
með samráðshópi áfallahjálpar	Aðalbjörg Hallmundsdóttir, Sveitarfélagið Skagafjörður
Verkfæri ráðgjafa: gátlistar, ritföng, vesti, harðspjaldamöppur, TETRA	Íris Marelsdóttir,avd-RLS
Hlutverk SST	Guðrún Jóhannesdóttir, bakvakt avd,
Gestalistinn	Íris Marelsdóttir
Gestir- dagskrá	Íris Marelsdóttir
Gestir- upplýsingamiðlun	Íris Marelsdóttir
Myndataka á vettvangi	Birgir Ingólfsson og Rögnvaldur Ólafsson



Mynd: Birgir Ingólfsson

Þáttur fjölmiðla

Eftirfarandi fréttatilkynning var send til staðarfjölmiðla og RÚV föstudaginn 14. október.

Hópslysaæfing í umdæmi lögreglunnar á Blönduósi

Á morgun laugardaginn 15. október standa almannavarnir í Húnavatnssýslum og almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra fyrir æfingu þar sem æfð verða viðbrögð og samvinna viðbragðsaðila við hópslysi. Allir viðbragðsaðilar í umdæminu taka þátt í æfingunni með einum eða öðrum hætti.

Æfingin felst í því að „búin er til slysstaður“ á Víðidalsvegi nr. 715 skammt frá vegamótunum, sem eru norðan brúar yfir Víðidalsá. Þar hafa „slasast“ um 40 manns í umferðarslysi. Miðstöð æfingarinnar verður í Víðihlíð og af því leiðir að mikil umferð neyðarbifreiða í forgangsakstri verður á milli slysstaðarins og Víðihlíðar á meðan á æfingunni stendur.

Í þessari viku hefur staðið yfir fræðsla vegna æfingarinnar og boðunaræfing var framkvæmd að morgni föstudagsins 14. október.

Í æfingastjórn sitja fulltrúar lögreglu, sjúkraflutninga og brunavarna í umdæminu auk fulltrúa frá almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra. Ráðgjafar koma frá Rauða krossinum, Landspítala, ISAVIA, Neyðarlínunni og Slysavarnafélaginu Landsbjörg.

Kristján Þorbjörnsson yfirlögregluþjónn.

Fjölmiðlar innan umdæmis: www.norðanátt.is www.huni.is og www.feykir.is á Sauðárkróki.

Einnig voru birtar fréttatilkynningar á eftirfarandi vefsíðum:

www.almannavarnir.is www.redcross.is www.landsbjorg.is

Fréttir sem birtar voru á þessum vefsíðum er að finna í viðauka nr. 5.

Gátlisti vegna fjölmiðla :

Verkefni	**Ábyrgð**
Fréttatilkynning	Lögreglan
Skrá staðarfjölmiðla	Lögreglan
Senda efni til fjölmiðla	Lögreglan

Rýni

Rýni var framkvæmd með þeim hætti að ráðgjafar fylgdust með AST, VST, vettvangi og verkþáttastjórum, fjöldahjálparstöð og samráðshópi áfallahjálpar. Í lok æfingar sendu ráðgjafar frá sér skýrslur og er þær að finna í þessum kafla. Á rýnifundi sem haldinn var í lok æfingar tóku lykilaðilar æfingar til máls og greindu frá sinni upplifun af æfingunni. Helstu niðurstöður fundarins er að finna hér fyrir neðan og fundargerð rýnifundar er að finna í viðauka nr. 4.

Dagskrá rýnifundar:

1. Setning: Bjarni Stefánsson sýslumaður
2. Upplifun leikara: Vigdís Agnarsdóttir, umsjónarmaður leikara
3. Verkþáttastjórar:
    a. Aðhlynningarstjóri: Sigríður Stefánsdóttir, HSB
    b. Björgunarstjóri: Jón Jóhannsson, Björgunarsveitin Blanda.
    c. Flutningastjóri: Egill Þorri Steingrímsson, Björgunarsveitin Blanda.
    d. Gæslustjóri: Hilmar Hilmarsson, lögreglan á Blönduósi.
4. VST: Hermann Ívarsson, frá lögreglunni á Blönduósi,
5. Fjöldahjálp: Sesselja Aníta Ellertsdóttir
6. AST: Bjarni Stefánsson lögreglustjóri
7. Samráðshópur áfallahjálpar: Hendrikka Wappel og Auður Herdís Sigurðardóttir
8. Umræður: Víðir Reynisson almananvarnadeild RLS stjórnaði umræðum
9. Æfingastjóri – samantekt í lokin: Íris Marelsdóttir, almannavarnadeild RLS
10. Lokaorð: Kristján Þorbjörnsson, yfirlögregluþjónn

Niðurstaða rýnifundar þann 15.október:

Fundargerð rýnifundar er finna í viðauka 3 en hér eru helstu niðurstöður.

1. Leikarar voru flestir ánægðir með störf viðbragðsaðila en öllum varð kalt á æfingunni. Viðbragðsaðilar voru yfirvegaðir og tillitsamir við hver annan. Samstarf SSS og fjöldahjálparstöðvar var mjög gott.
2. Umfang æfingarinnar var stórt en leikarar voru 41 og viðbragðsaðilar á vettvangi voru rúmlega 60.
3. TETRA samband var ekki nógu gott. Bifreiðar viðbragðsaðila eru ekki allar búnar TETRA bílstöðum og eru þarf af leiðandi ekki í ferilvöktun.
4. Samvinna var góð innan hvers verkþáttar en það vantaði betri samhæfingu á milli verkþátta. Umferðarskipulagið var ekki alveg eins og í upphafi var áætlað og eitthvað var um ómerkta bíla á vettvangi. Skerpa hefði mátt á gæslunni.
5. Viðbragðsaðilar tilkynntu sig ekki til VST.
6. Bráðaflokkun og áverkamat gekk mjög vel.
7. Mjög góð mæting var hjá fulltrúum í AST.
8. Samráðshópur áfallahjálpar taldi æfinguna vera lærdómsríka en óskar eftir meiri fræðslu um sín verkefni.

Rýniskýrslur frá ráðgjöfum:

Ráðgjafar fengu sértæka gátlista vegna rýni afhenta í upphafi æfingarinnar. Gátlistana er að finna í viðauka nr. 6 og var það í fyrsta sinn sem ráðgjafa fengu sértæka gátlista til að styðjast við í sínu verkefni. Þessum listum var skilað til æfingastjóra eftir æfinguna. Einnig skiluðu HSB og HVE rýniskýrslum og þeirra skýrslur er að finna á bls. 14 og bls. 15.

Boðun; Garðar Gíslason, Neyðarlínan: Mjög mikilvægt er að allir viðbragðsaðilar séu í ferilvöktun þar sem slíkar upplýsingar eru mjög gagnlegar fyrir Neyðarlínu, SST og AST til hafa góða yfirsýn yfir hvar bjargir eru staddar í aðgerðum sem þessum. Í þessari æfingu voru of margar slökkvibifreiðar ekki með ferilvöktun og einnig sjúkrabílar. Skýringin er að hluta sú að þegar handstöðvum er komið fyrir í þar til gerðum „vöggum" inn í bifreiðunum þá virðist slokkna á GPS ferðilvöktun. Skýringin gæti verið sú að það vantar GPS loftnet í þessar bifreiðar. Skoðun mín er sú að allar bifreiðar viðbragðsaðila eigi að hafa fasta bílsstöð auk þess sem sjúkraflutningamenn og læknar eiga að hafa handstöðvar. Bílstöðvar hafa öflugri sendi en handstöðvar og eins er hægt að nota bílstöðvar sem gátt og endurvarpa fyrir handstöðvar í þeim tilfellum þar sem TETRA samband er gloppótt. Kennsla á TETRA þarf að vera fastur liður í undirbúningi svona æfingar. Í þessari æfingu voru of margir aðilar óöryggir með notkun TETRA stöðvanna. Einnig þarf að kynna betur hvernig boðun fer fram og hvernig viðbragðsaðilar geta sjálfir tryggt að þeir fái boð. Heilbrigðisstofnanir voru ekki með skilgreindan viðbragðshóp og almannavarnanefnd Húnavatnssýslu hafði ekki uppfært sína boðunarskrá í BJARGAR grunninum. Skrifborðsæfingar má útfæra betur og leggja áherslu á rétta tímaröð bjarga inn á vettvang. Reyna þannig að láta æfinguna endurspegla þá tímaröð sem verður í raunverulegu slysi (hver mætir fyrstur á slysstað og hve langur tími líður þar til allar bjargir eru komnar á vettvang). Í stórum æfingum eins og þessari á SST að vera fullmönnuð að mestu, það er í áhöfn þurfa að vera fulltrúar almannavarna, 112, FML, heilbrigðisstarfsmanna, SL og RKÍ. Leggja þarf áherslu á að þjálfa samskipti SSS og SST og samskipti SST og AST.

Ráðgjafi aðgerðastjórnar; Víðir Reynisson, avd-RLS: AST var vel mönnuð og fulltrúar helstu eininga voru með á þessari æfingu. Samvinna aðila var til fyrirmyndar. Aðgerðaskráning var góð og upplýsingar voru sýnilegar meðan á verkefninu stóð. Hægt er að bæta aðstöðu AST með því að koma rafmagni og skjávarpatengingum í betra horf ásamt símatenglum. Hægt er nýta betur fjarskipta- og tölvuaðstöðu með því að hafa fastan starfsmann þar. AST þarf að hafa reglulegar æfingar og setja upp sína eigin starfsáætlun yfir árið. Hér má nefna að í boði er 12 tíma námskeið á vegum avd-RLS fyrir aðgerðastjórnir. Gátlista ráðgjafanna má bæta þannig að í byrjun hvers lista verði nefnd þau atriði sem ráðgjafi þarf að sinna áður en komið er á æfinguna. Eins á hver eining sem tekur þátt í æfingu að fá gátlistana til yfirlestrar og vera þannig upplýst um þau atriði sem skoðuð eru á meðan æfing stendur yfir. SST þarf að vera betur mönnuð þegar æfing er og AST er fullmönnuð. Tillaga er að þar séu tveir fulltrúar almannavarnadeildar, einn frá RKÍ, einn frá áhöfn heilbrigðisstarfsmanna, einn frá 112 og einn frá FMR. Samtals eru þetta sex aðilar.

Ráðgjafi aðhlynningarstjóra; Bára Benediktsdóttir, Landspítali: Heilbrigðisstarfsmenn voru vel undirbúnir fyrir þessa æfingu og búið var að fara yfir allan búnað er nota skyldi á æfingunni. Bráðaflokkun gekk fljótt og vel og einnig áverkamatið eftir að komið var á SSS. Kennslu á TETRA þarf að bæta en þar kom fram óöryggi. Einnig þarf að hafa reglulega fræðslu um SÁBF verkþáttaskipulag almannavarna og viðhalda stöðugt þeirri þekkingu. Eins væri til bóta ef heilbrigðisstofnanir á svæðinu og sjúkraflutningar mundu skipuleggja vinnufyrirkomulag bráðaflokkunar betur og skerpa svo á því reglulega með innanhússæfingum.

Ráðgjafi björgunarstjóra; Þorlákur Snær Halldórsson, ISAVIA: Alls tóku 19 slökkviliðsmenn þátt í æfingunni. Vettvangur var vel gerður. Við uppsetningu vettvangs er mjög gott að heimamenn setji vettvanginn upp eins og gert var í þessari æfingu og hafi ráðgjafa björgunarmála á staðnum. Að þessu sinni þurfti að byrja á því að tryggja bílflökin áður en sjúklingum var komið fyrir. Fyrsta bifreið á staðinn var frá lögreglunni og svo kom fyrsti slökkvibíll frá Brunavörnum Vestur-Húnavatnssýslu ásamt sjúkrabílum. Fóru að þeir að vinna á vettvangi þó ekki væri búið að tryggja vettvanginn. Biðsvæði tækja var of nálægt vettvanginn sem hafði það í för með sér að slökkvibíll hefði ekki getað brugðist við eldsvoða inni á vettvanginum. Öryggi á vettvangi var því ekki nægilegt. Björgunarstjóri á leið á vettvang fékk litlar upplýsingar á leiðinni. Einnig kom hann of seint inn á vettvanginn. Vinna var hafin og það var erfitt fyrir hann að ná tökum á vettvangsvinnunni. Hann færði sig svo út af vettvangnum til að fá betri yfirsýn og var vel merktur. Þegar

honum var ljóst að vettvangur var ekki tryggur þá gaf hann strax fyrirmæli um að tryggja vettvang. Einnig fékk hann sér meðstjórnanda. Stjórn sjúkraflutningamanna gekk vel en það gekk ekki vel að stjórna sjúkraflutninga- og björgunarsveitarmönnum og náðist lítið samband við þá. Sjúkraflutningamenn fóru síðan sjálfir að skipuleggja flutning af svæðinu án þess að tala við björgunarstjórann. Björgunarstjórinn náði lítið að forgangsraða björgunarstarfinu, vegna þess að það var byrjað að vinna á öllum stöðum þegar hann kemur á vettvang og eins og áður hefur komið fram var takmarkað samband við sjúkraflutningamenn. Björgunarstjórinn hafði bæði þjálfun og þekkingu til þess að vera björgunarstjóri. Björgunarstjóra gekk illa að ná fjarskiptasambandi við vettvangsstjórn, sjúkraflutninga- og björgunarsveitarmenn, en náði góðu sambandi við slökkviliðsmenn. Meðstjórnandi hans þurfti því að hlaupa um vettvanginn til að fá upplýsingar frá sjúkraflutningamönnum um fjölda slasaðra. Sjúkraflutningamenn svöruðu honum aldrei í fjarskiptum. Björgunarstjóra var mjög kunnugt um skipulag fjarskipta.

Niðurstaða:

1. Fyrsti stjórnandi frá slökkviliði á að vera björgunarstjóri.
2. Koma þarf fjarskiptum í lag.
3. Slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn á svæðinu þurfa að vinna betur saman og tala saman á vettvangi.
4. Þegar sjúkraflutningamenn eru á undan slökkviliði á vettvangi þurfa þeir að huga að öryggi á vettvangi. Það getur verið eldsneytisleki og smá eldur sem maður sér ekki í fyrstu. Þeir eiga ekki að rjúka strax í að sinna sjúklingum heldur á að kanna svæðið fyrst.
5. Við bráðaflokkun er oft nóg að tveir til fjórir fari að sinna sjúklingum og muna að láta stjórnanda á vettvangi vita um tölur.
6. Biðsvæði tækja var of nálægt vettvangi. Fyrsti stjórnandi (björgunarstjóri) þarf að láta vita í gegn um fjarskipti strax hvar hann vill fá tækin.

Ráðgjafi flutningsstjóra; Björgvin Herjólfsson Slysavarnafélagið Landsbjörg: Flutningsstjóri var að mínu mati aldrei með fullkomna yfirsýn yfir vettvanginn, hann var ekki sérmerktur og því var erfitt að greina hann frá öðrum. Auk þessa voru björgunaraðilar komnir fljótt á staðinn og fóru sjúkrabílar of nálægt slystaðnum á meðan slökkvibílar voru staðsettir of langt í burtu og gátu þar af leiðandi ekki tryggt vettvang ef óvæntar aðstæður kæmu upp, svo sem mengun eða eldur. Flutningur fórnarlamba hófst fljótt og grænir sjúklingar þurftu ekki að bíða lengi eftir að röðin kæmi að þeim. Flutningsstjóri náði aldrei að skipuleggja biðsvæði bjarga og hafði aldrei yfirsýn yfir fjölda bjarga á vettvangi. Ráðgjafi skipaði honum aðstoðarmann en það náðist ekki að nýta hann nógu vel. Ég varð aldrei var við samskipti á milli flutningstjóra og VST auk þess sem að skipulag á flutningum breyttist á einhverjum tímapunkti og fóru þá viðbragðsaðilar að koma báðum megin frá með bifreiðar og þá fékk ég þau skilaboð að búið væri að færa biðsvæði bjarga suður fyrir slysstaðinn en svo héldu viðbragðsaðilar áfram að koma að norðanverðu líka. Það virtist því sem skilaboð um færslu á biðsvæðinu hafi ekki skilað sér til þátttakenda. Ég er ekki viss um að sá aðili sem að var skipaður í þetta hlutverk hafi kynnt sér sérstaklega hvert hlutverk hans var og var honum tíðrætt um að hann hefði verið „settur“ í verkefnið. Ekki reyndi á fjarskiptaskipulagið fyrir utan að flutningsstjórinn virtist í vandræðum með að ná inn til VST. Það vantaði samhæfingu milli flutningsstjórans og annara verkþáttastjóra og hann hugsaði aldrei út í þann þátt sem að snéri að flutningi sjúklinga frá SSS fyrr en hann yfirgaf vettvanginn og fór á SSS. Þrátt fyrir þetta var flæðið frá slysstaðnum mjög gott en skortur var á yfirsýn yfir hvaða bjargir voru hvar og eins hefði eflaust myndast flöskuháls ef að bílar hefðu strax verið settir í flutning sjúklinga frá SSS og á nærliggjandi sjúkrahús.

Ráðgjafi gæslustjóra; Eggert Magnússon avd-RLS: Gæslustjóri náði frekar fljótt að fá yfirsýn yfir vettvanginn og verkefnið en hann hefði mátt skima vettvanginn betur og fyrr. Gæslustjórinn gerði sér fljótt grein fyrir aðstæðum og hugsanlegum hættum á vettvangi. Erfiðlega gekk að koma á ytri lokunum vegna skorts á mannafla og erfiðleikum í samskiptum milli verkþáttastjóra ásamt því að erfiðlega gekk að láta björgunarsveitarmenn fylgja þeim fyrirmælum sem þeir fengu um lokunarpósta. Innri lokunum var ekki komið á enda buðu aðstæður upp á að þess væri ekki þörf en gæslustjóri var vel meðvitaður um þetta og mat það svo að innri lokana væri ekki þörf. Gæslustjóri reyndi að fylgjast með að vettvangi væri ekki spillt meira en þörf var á og tók myndir til að safna gögnum um málið til síðari rannsókna. Mesta vinnan fólst í því að koma á skilvirku umferðarskipulagi á vettvangi enda höfðu ökutæki bjarga komið of nálægt

slysavettvanginum og á mjög skömmum tíma. Gæslustjóra tókst þó frekar fljótt að koma á því skipulagi sem hentaði best miðað við aðstæður. Þar sem SSS var staðsett nokkra kílómetra í burtu hafði gæslustjórinn skipað sér sinn fulltrúa til að sjá um talningu inn og út af SSS og virkaði það skipulag ágætlega. Það sem helst hefði mátt betur fara voru samskipti milli verkþáttastjóranna og samskipti verkþáttastjóranna við VST. Það sem hamlaði þessum samskiptum var að allt of mikil samskipti áttu sér stað á þeim talhópi sem verkþáttastjórarnir voru á. Þetta hefði mátt bæta með því einu að verkþáttastjórarnir hefðu talað betur saman, maður á mann, á vettvanginum þar sem það var vel mögulegt. Gæslustjórinn var ágætlega undirbúinn fyrir verkefnið og hafði kynnt sér verkferla og skipulag nokkuð vel. Æskilegt er að þeir lögreglumenn sem eiga að sinna hlutverki gæslustjóra eða vettvangsstjóra taki vettvangsstjóranámskeið sem fyrst.

Ráðgjafi fjöldahjálpar og sjúklinga; Jón Brynjar Birgisson, RKÍ: Þjálfun var allnokkur fyrir æfinguna. Stutt er frá síðasta fjöldahjálparnámskeiði í Víðihlíð fyrir sjálfboðaliða Rauða krossins og stuðningslið. Kvöldið fyrir æfingu var haldin fræðsla á Blönduósi fyrir fjöldahjálparfólk sem samráðshópi áfallahjálpar var einnig boðið á. Fræðslan var annars vegar um starfrækslu fjöldahjálparstöðva og hins vegar um sálrænan stuðning. Rauða kross deildir í Húnavatnssýslum eru þrjár: Hvammstangadeild, Austur-Húnavatnssýsludeild og Skagastrandardeild. Sjálfboðaliðar frá öllum deildum tóku þátt í æfingunni. Boðunin gekk ekki nægilega vel en einungis sjálfboðaliðar Austur Húnavatnsdeildar fengu boð. Brugðist var við í kjölfar æfingarinnar með því sameina boðunarlista deildanna þriggja í boðunargrunni 112 enda starfa þessar deildir þétt saman í neyðarvörnum. Fjöldahjálparstöðin fyrir svæðið er í Víðihlíð sem gegndi hlutverki SSS í æfingunni. Það olli smávægilegum ruglingi þar sem þátttakendur voru ekki með það á hreinu hvaða starfssvæði gegndi hlutverki fjöldahjálparstöðvar og hvað væri SSS. Rauða kross fólkið var fámennt á æfingunni og þurfti allt að sinna grænum sjúklingum frá SSS. Það gafst því sáralítið færi á því að æfa opnun og starfrækslu fjöldahjálparstöðvar. Húsnæðið var þó merkt sem fjöldahjálparstöð. Störfin á SSS gengu mjög greiðlega fyrir sig og samstarf sjálfboðaliða og heilbrigðisstarfsfólks var mjög gott. Aðhlynning þolenda var jafnframt til fyrirmyndar en allir sjúklingar fengu nægilega athygli og sömuleiðis aðhlynningu við hæfi. Rauða kross deildir í Húnavatnssýslum eiga ekki TETRA stöðvar en þær fengu lánaðar stöðvar frá Akureyrardeild og landsskrifstofu Rauða krossins svo hægt væri að æfa fjarskipti. Öll samskipti við aðgerðastjórn voru með ágætum en þau fóru fram á talhópnum AV-RKÍ_1.

Ráðgjafi samráðshóps áfallahjálpar; Aðalbjörg Hallmundsdóttir, sveitarfélagið Skagafjörður: Samráðshópur áfallahjálpar var alveg óskipulagður og var að koma á sínu fyrstu æfingu. Hópstjórinn var fjarverandi. Þau voru ekki með hlutverk sín á hreinu og þurfa að fá handleiðslu og fræðslu til að koma skipulagi í gott horf innan umdæmisins. Fræðsla sem var í boði fyrir æfinguna var ófullnægjandi. Hópurinn er nýskipaður og er áhugasamur og tilbúinn að takast á við þetta verkefni af fagmennsku.

Ráðgjafi vettvangsstjórnar; Rögnvaldur Ólafsson, avd-RLS: VST gekk vel að ná yfirsýn yfir vettvang en var ekki með eins góða sýn á SSS þar sem staðsetning þess var nokkuð langt frá vettvangi. Gott samband náðist á TETRA á milli VST og AST eins á milli verkþáttastjóranna en aðhlynningarstjóri átti stundum í vandræðum með að ná sambandi við VST. Vel gekk að koma á SÁBF skipulagi á vettvangi en björgunarstjóri átti ekki auðvelt með að ná heildarmynd af björgum þar sem hann koma á staðinn eftir að flestir höfðu tekið til starfa. Verkaskipting hefði mátt vera skýrari í VST og hefði verið til bóta að hafa VST upprifjunarnámskeið fyrir æfinguna. Aðstaða VST var ágæt, miðað við aðstæður, en framsetning upplýsinga fyrir þá sem voru í VST hefði getað verið betri og til dæmis notkun post-it miða hefði örugglega getað hjálpað.

Verkefni í SST; Guðrún Jóhannesdóttir, avd-RLS: Ljóst er að í jafn umfangsmikilli æfingu/aðgerð og rútuslys með 40 manns slasaða, væri æskilegt að heilbrigðisstarfsfólk og Rauði krossinn væri virkjaður í Samhæfingarstöðinni, enda kjörið tækifæri til að æfa verklagið og samskipti. Mikið mæddi á vettvangi og við hlustun á TETRA við AST (sem voru mjög takmörkuð) skiluðu boðin og óskir um bjargir sér ekki alltaf til SST. Dæmi um þetta var að allt í einu var þyrla að lenda á vettvangi á meðan AST hafði beðið SST um loftbrú og var búið að óska eftir Mýflugsvélum á vettvang, sem síðar voru notaðar í flutning og flugfélagið Ernir og Fokker FI voru til reiðu. Þyrlan var því snarlega sett inn í sem bjargir. Bjargir sem voru athugaðar voru læknar, hjúkrunarfólk, sjúkrabílar – og geta nágrannabyggða var könnuð. Þörfin fyrir

bjargir inn á slysstað hefði þurft að vera markvissari og kannski um að kenna að fjarskipti voru takmörkuð – og skiluðu sér ekki.

Nokkur atriði:

- Neyðarlínan boðaði viðbragðsaðila og tókst fyrsta boðun vel – síðar voru fleiri boðaðir nokkru seinna í annarri boðun
- Aðgerðarstjórn (Bjarni Stefánsson) hefur símasamband við SST klukkan 10:58 og biður um aðstoð SST í útvegun bjarga
- Beðið um flug til Blönduóss – SST fer í að athuga flug
- Beðið um sjúkrabíla og heilbrigðisstarfsmenn frá Landspítala, Sauðárkróki, Borgarnesi
- Engin samskipti voru við aðhlynningarstjóra en hlustað á samskipti á TETRA
- Tvær fréttatilkynningar um æfinguna fóru frá SST

Gátlisti vegna rýni:

Verkefni	**Ábyrgð**
Rýnifundur, undirbúningur	Æfingastjórn
Rýnifundur, boðun send öllum þátttakendum æfingarinnar	Kristján Þorbjörnsson
Rýnifundur, stjórnun	Víðir Reynisson
Rýnifundur, dagskrá: *Eftirlitsaðilar fara yfir æfinguna* *Umræða og fyrirspurnir*	Æfingastjóri
Rýnifundur, ritun	Íris Marelsdóttir
Rýniskýrsla sent æfingastjórn til yfirlestrar og ráðgjöfum	Íris Marelsdóttir
Ráðgjafarýni, skýrsluform og gátlistar	Íris Marelsdóttir
Rýniskýrsla æfingar	Íris Marelsdóttir
Dreifing rýniskýrslu	Avd-RLS og almannavarnanefnd
Eftirfylgd rýni	Almannavarnanefnd

Niðurstöður

1. Bæði leikarar og viðbragðsaðilar voru ánægðir með æfinguna og töldu hana gagnlega. Það sama kom fram í umfjöllun fjölmiðla um æfinguna, sjá viðauka nr. 4. Samráðshópur áfallahjálpar var ánægður með þátttöku sína í æfingunni en þetta var í fyrsta sinn sem samráðshópur áfallahjálpar er boðaður í æfingu eftir að nýtt skipulag áfallahjálpar á Íslandi tók gildi.

2. Undirbúningur æfingarinnar mátti vera markvissari og meiri. Einnig komu starfsmenn HVE of seint inn í dreifingarlista þeirra sem fengu upplýsingar um æfinguna.

3. Viðbragðsaðilar í umdæminu vinna vel saman og sýna hver öðrum virðingu og tillitsemi. Af vettvangsvinnu þarf að bæta öryggi viðbragðsaðila með því að tryggja vettvang áður en vinna hefst og allir viðbragðsaðilar þurfa að tilkynna sig inn til VST. Allar bjargir þurfa að vera í hæfilegri fjarlægð. Auka þarf þekkingu viðbragðsaðila á SÁBF neyðarskipulagi almannavarna. Merkingar stjórnenda á vettvangi þarf að bæta og þeir verða að vera sýnilegir á vettvangi. Við áverkamat þarf að skrá í alla reiti sem boðið er upp á.

4. Boðunarskrár þarf að uppfæra og endurbæta árlega. Breytingar þarf að skrá í BJARGAR grunninn. Boðun var ábótavant vegna þess að réttar upplýsingar varðandi boðun lágu ekki fyrir.

5. Ekki allar bifreiðar viðbragðsaðila í umdæminu eru ferilvaktaðar. Muna þarf tilkynningaskyldu bifreiða inn og út vettvangi.

6. Bæta þarf þekkingu á TETRA. Eins er ljóst að TETRA samband inni í félagsheimilinu Víðihlíð er gloppótt.

7. Innan skipulags almannavarna á SSS þarf að bæta við biðsvæði fyrir þá sem bíða eftir fyrsta áverkamati. Einnig vantaði biðsvæði bjarga innan SSS, fyrir viðbragðsaðila sem voru verkefnalausir.

8. Björgunarsveitarmenn áttuðu sig ekki á hver var þeirra yfirmaður á vettvangi.

9. Gátlistar ráðgjafa reyndust vel en það tók of langan tíma að fá rýniskýrslur til baka. Eins var sumum ráðgjöfum ekki ljóst hvaða verkefnum þeir áttu að sinna áður en til æfingar kom.

10. Samráðshópur áfallahjálpar fékk ekki næga fræðslu fyrir æfinguna.

11. Rýnifundur mátti vera markvissari og kalla átti eftir meiri umræðu.

Tillögur til úrbóta

Til að æfing af þessum toga nái alveg markmiðum sínum þarf að tryggja að allir þekki það skipulag sem almannavarnir vinna eftir. Boðun viðbragðsaðila er mikilvægur hluti af neyðarskipulaginu og þarf að ganga hnökralaust eftir uppfærðri boðunarskrá. Eins þarf fjarskiptaskipulagið að vera til staðar og aðilar þurfa að þekkja það. Allar merkingar á slysavettvangi þurfa að undirstrika skipulag almannavarna og auðvelda viðbragðsaðilum störf á vettvangi. Æfingastjórn leggur til að eftirfarandi atriði verði tekin til skoðunar meðal viðbragðsaðila í umdæmi lögreglunnar á Blönduósi:

1. Viðbragðsaðilar endurskoði og uppfæri sínar boðunarskrár í BJARGAR grunninum. Endurskoðun og breytingar fari síðan fram reglulega og áminning þar að lútandi berist árlega til viðbragðsaðila frá Neyðarlínu.

2. Fastar TETRA stöðvar verði settar í allar bifreiðar viðbragðsaðila og þær þannig gerðar sýnilegar í SITE-WATCH. Til auka færni viðbragðsaðila í notkun TETRA þá er lagt til að þeir noti TETRA í sínum daglegu störfum.

3. Keyptar verði merkingar fyrir verkþáttastjóra og vettvangsstjórn, til dæmis vesti og verði þessar merkingar vistaðar í bifreiðum viðbragðsaðila. Einnig verði fjarskiptaskipulag prentað út og plastað og það vistað í sömu bifreiðum.

4. Skrifborðsæfing verði haldin árlega fyrir helstu viðbragðsaðila innan umdæmisins. Æft verði hlutverk AST, VST, verkþáttastjóra og samráðshóps áfallahjálpar. Einnig verði farið yfir það fjarskipaskipulag sem notað er þegar almannavarnaástand ríkir í umdæminu. Í tengslum við skrifborðsæfingu verði boðunaræfing.

5. Heilbrigðisstarfsmenn hafi reglulega fræðslu þar sem farið er yfir bráðaflokkun, áverkamat, staðsetningu og uppsetningu á SSS en það þarf ekki að vera innan slysavettvangs. Helsta reglan er að SSS þarf að vera innandyra og í næsta nágrenni við umferðaræðar. Yfirmenn HSB og HVE skoði boðunarskrár vegna stórslysa og æfi boðun reglulega. Viðbragðsáætlun sé yfirfarin árlega.

6. Almannavarnadeild RLS endurskoði skipulag SSS innan almannavarnaskipulagsins í samvinnu við ráðgjafa og uppfæri fyrirliggjandi teikningar þannig að það verði gert ráð fyrir biðsvæði bjarga og biðsvæði þeirra sjúklinga sem bíða eftir fyrsta áverkamati.

7. Fræðsla vegna hópslysaæfinga hefjist mánuði fyrir æfingu með því að allir viðbragðsaðilar lesi yfir sitt hlutverk í hópslysaáætlun og sendi að því búnu óskir um fræðslu til æfingastjórnar. Æfingastjórn ber ábyrgð á því að uppfylla óskir um fræðslu eins og hægt er.

8. Samráðshópur áfallahjálpar í umdæminu fái handleiðslu við skipulag sinna verkefna.

9. Gátlistar vegna rýni á stórslysaæfingum verði endurbættir þannig að í lok hvers gátlista kom stutt rýniskýrsla. Í upphafi hvers lista séu skráð þau atriði sem ráðgjafi þarf að sinna áður en æfing hefst. Einnig verði bætt í listana að kannað sé hvort hópur sinni tilkynningarskyldu í upphafi og lok æfingar. Í lok hverrar æfingar verði rýnifundur með ráðgjöfum og ráðgjafar skili rýniskýrslum í lok þess fundar. Rýnilistar verði sendir þátttakendum mánuði áður en æfing hefst. Þannig geta þeir betur undirbúið sig fyrir æfinguna.

10. Æfingastjórn endurskoði skipulag rýnifunda með það að markmiði að öll sjónarmið komi fram.

Viðaukar

Viðauki 1. Sviðsmynd skrifborðsæfingar þann 14. október 2011

Sviðsmyndin

ÆFING - Blönduós- rútuslys – ÆFING

Skrifborðsæfing þann 14. október **AST, VST og verkþáttastjórar.**

FÓLKSFLUTNINGABIFREIÐ fór út af veginum á vegi nr. 715 Víðidal, núna rétt í þessu. Talið er að fjöldi ungmenna séu í bílnum og er ekki vitað nánar um ástand þeirra.

Ökumaður bílsins, sem var að koma frá Þórukoti missti stjórn á bíl sínum með þeim afleiðingum að hann hafnaði utan vegar á töluverðri ferð. Bifreiðin er mikið skemmd.

Þyrlur LHG eru ekki til taks.



Lögreglustjórinn hefur kallað saman aðgerðastjórn umdæmisins.

Fyrstu viðbragðsaðilar frá umdæminu eru komnir á vettvang.

Búið er að skipa vettvangsstjóra úr röðum lögreglunnar.

SST hefur ekki verið virkjuð.

Viðauki 2. Öryggisreglur æfingarinnar og fjarskiptaskipulag.

Hópslysaæfing 15. október 2011

Reglur og leiðbeiningar

- Ef raunverulegt óhapp eða slys verður á meðan á æfingunni stendur skal það tilkynnt í fjarskiptunum með **ALVARA-ALVARA-ALVARA**
    - **Þá er verkefnið leyst af þeim sem eru að taka þátt í æfingunni**
    - **Þetta á líka við ef t.d. leikari er orðin kaldur og þarf að koma viðkomandi í húsaskjól**

- Leikara þarf að meðhöndla að varkárni og kanna reglulega raunverulega líðan
    - Leyfa þeim að standa upp og hreyfa sig ef þeim er orðið kalt.

- Virða skal hámarkshraða og aðrar umferðarreglur við allan akstur
    - Heimilt er að nota forgangsljós en það veitir enga heimild til undanþágu frá umferðarreglum.

- Allir „sjúklingar“ eru fluttir af vettvangi og í Víðihlíð þar sem er SSS.

- Bílar sem flytja „sjúklinga“ frá Víðihlíð keyra yfir að fjöldahjálparstöðinni þar sem „sjúklingurinn“ lýkur þátttöku. Bíllinn bíður við fjöldahjálparstöðina þar ráðgjafi veitir leyfi til frekari þátttöku í æfingunni.

- Ráðgjafar verða í appelsínugulum vestum merktum æfingastjórn/ráðgjafi.

    - Þeir verða ykkur til ráðgjafar og aðstoðar.

Fjarskiptaskipulag

- SST- AST: **Av-uppk-1**
- AST- VST: **Av-NL_1**
- VST - Verkþáttastjórar**: Av-NL_2**
- Aðhlynningarstjóri- HSB-AST-SST: **Av-heilsug_1**

Vinnurásir hvers verkþáttar: Notist ef þörf krefur og þá í samráði við vettvangsstjóra

Verkþáttur björgunarstjóra: **Av_1**

Verkþáttur aðhlynningarstjóra**: Av_2**

Verkþáttur gæslustjóra: **Av_3**

Verkþáttur flutningsstjóra**: Av_4**

Verkþáttur fjöldahjálpar: **Av-RKÍ_1**

Viðauki 3. Fundargerð rýnifundar 15. október í Víðihlíð.

Inngangur

Bjarni Stefánsson (BS) sýslumaður bauð alla velkomna á fundinn og þakkaði fyrir góða mætingu. Að því búnu bað hann Víði Reynisson (VR) að stýra fundinum. VR minnti á að fundurinn væri til að þess að fá fram jákvæða og uppbyggilega gagnrýni. Bað menn einnig að vera stuttorða og að skýrsla yrði gefin út eftir æfingu þar sem helstu niðurstöður kæmu fram.

Upplifun leikara

Vigdís Agnarsdóttir (VA) hafði umsjón með leikurum og förðun þeirra. Ungmenni frá Björgunarsveitum umdæmisins léku sjúklinga og mættu þau til förðunar kl. 8.00. Hún minnti á að leikarar eru alvöru ungmenni og það þarf að umgangast þau af umhyggju og virðingu. Leikararnir stóðu sig með eindæmum vel og var undirbúningur góður heima fyrir. Ungmennin munu svöruðu könnun eftir æfinguna og eru niðurstöður að finna í viðauka rýniskýrslu. Öllum varð kalt á meðan á æfingunni stöð en flest voru ánægð með meðferðina sem þau fengu hjá viðbragðsaðilum. Þekking þeirra á störfum viðbragðsaðila á vettvangi hefur aukist og nú skilja þau betur af hverju það getur tekið langan tíma að hreinsa upp vettvanginn og koma öllum til hjálpar. Leikarar voru samtals 41 og vinnugallar fylltir af heyi voru í hlutverki látinna.

Verkþáttastjórar tóku næst til máls:

Aðhlynningarstjóri

Sigríður Stefánsdóttir (SS), HSB. Heilbrigðisþjónustan beið eftir boðun með SMS sem komu ekki. Bráðaflokkun gekk vel og líka áverkamatið. Aðhlynningarstjór hafði sæmilega yfirsýn yfir SSS allan tímann. Samstarfið við fjöldahjálp RKÍ gekk ofboðslega vel en það var í sama húsið. Grænir sjúklingar voru sendir þangað. TETRA samskipti góð við AST og SST en ekki við VST. Aðhlynningarstjóri hafði frábæran samskiptaaðstoðarmann frá björgunarsveitinni. Helstu hnökrar voru samskiptaerfiðleikar við VST. Ekki voru skipaðir yfirmenn yfir hvert svæði innan SSS. Margar bjargir sem beðið var um komu seint og illa. Allir viðbragðsaðilar voru mjög yfirvegaðir og tillitsamir hver við annan .

Björgunarstjóri

Jón Jóhannsson (JJ), Björgunarsveitin Blanda. Kom á staðinn eftir að slys er byrjað og komst ekki almennilega inn í verkefnið sem rann samt vel áfram. Samskipti gengu ekki nógu vel. TETRA virkaði ekki á milli verkþáttastjóra og VST. Allir unnu vel og gerðu sitt besta. Ef til vill þarf að setja slökkviliðið yfir á annan talhóp. Það talaði hver ofan í annan.

Gæslustjóri

Hilmar Hilmarsson (HH), lögreglan á Blönduósi. Bílar viðbragðsaðila voru staðsettir of nálægt slysavettvangi. TETRA samskipti gengu ekki nógu vel. Aðeins bar á ómerktum bílum á vettvangi. Eins voru björgunarsveitir beðnir að sinna gæslu en það skilaði sér ekki.

Flutningsstjóri

Egill Þorri Steingrímsson (EÞS), Björgunarsveitin Blanda. Biðsvæði bjarga var sett upp beggja vegna vettvangs. Ástæðan var sú að vegir voru báðum megin að slysstað en hringakstur gekk ekki upp þar sem rútan var úti á veginum og lokaði honum að mestu leiti. Það vantaði að vera með tvo björgunarsveitarmenn í hverjum bíl en ekki bara bílstjóra.

Vettvangsstjórn

Í vettvangsstjórn sátu þrír aðilar, þeir Hermann Ívarsson (HÍ) frá lögreglunni á Blönduósi, Gunnar Jakobsson (GJ) frá Björgunarsveitinni Húnum á Hvammstanga og Pétur Arnarsson (PA) frá Slökkviliði Húnaþings vestra. HÍ sagði að æfingin hefði verið góð en ábyggilega nokkuð um mistök. TETRA samband var ekki nógu gott og hann sagðist vita að TETRA samband í félagsheimilinu Víðihlíð væri gloppótt innan dyra. Hann ítrekaði að allir þátttakendur ættu að taka gagnrýni á uppbyggilegan hátt. Hann sagði að VST hefði viljað fá örlítið forskot og fá vettvangsstjórn fyrst á staðinn og kalla síðan eftir björgum. Það gekk ekki upp og eins gekk umferðarskipulagið ekki eins og áætlað var en í upphafi var gert ráð fyrir hringakstri. Eins og fram hefur komið var það ekki hægt vegna þrengsla á slysstað. „Kaos“ var til að byrja með en síðan fóru menn að vinna á skipulagðan hátt. Viðbragðsaðilar gleymdu að sinna tilkynningaskyldu inn og út af vettvangi.

Fjöldahjálp

Fjöldahjálparstjórar voru Sesselja Aníta Ellertsdóttir (SAE) og Helga Hinriksdóttir (HH) frá Rauða kross deildum. Boðun var ekki í lagi. Eftir að Fjöldahjálparstöðin tók við græna svæðinu af SSS fór allur krafturinn í að sinna því. Það vantaði mannskap en allt gekk upp að lokun. Mjög góð samskipti voru við SSS. Þegar á heildina er litið þá var þetta fín æfing.

Samráðshópur áfallahjálpar innan umdæmis.

Hendrikka Wappel og Auður Herdís Sigurðardóttir tóku til máls fyrir hönd hópsins en hópstjóri var fjarverandi á æfingunni. Samtals voru fimm aðilar í hópnum sem mættu til æfingarinnar. Hópurinn er að stíga sín fyrstu skref og er nýmyndaður. Mikil ánægja var með að fá tækifæri til að taka þátt í þessari æfingu en ljóst er að mikið verkefni er framundan við að koma skipulagi í gott horf.

Aðgerðastjórn

Aðgerðastjóri var Bjarni Stefánsson (BS) og í AST sátu auk Bjarna eftirtaldir: Ágúst Þór Bragason, Tæknideild Blönduóssbæjar, Valbjörn Steingrímsson, HSB, Björn Ingi Óskarsson, svæðisstjórn svæði 9, Vignir Sveinsson, oddviti Skagabyggðar, Árný Sesselja Gísladóttir, RKÍ-A-Hún., Þór Sævarsson, svæðisstjórn svæði 9, Björn Hrafnkelsson, fulltrúi lögreglustjóra og Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri Blönduósi. Ráðgjafar voru Víðir Reynisson, almannavarnadeild RLS og Garðar Gíslason frá Neyðarlínunni. AST hafði aðsetur í húsnæði Björgunarsveitarinnar Blöndu á Blönduósi. Í svona æfingu er mikilvægt hjálpa hvert öðru og meginhlutverkið er að ná fram öflugu og góðu viðbragðskerfi. Mæting innan AST var góð sem sýnir styrkleika AST. Sýnileiki æfingar var góður. Upplýsingar voru skýrar. AST upplifði æfinguna að hluta í mynd í gegn um ferilvöktun á vettvangi þar sem sjá mátti staðsetningar björgunarsveita- og lögreglubíla í „SITEWATCH“ tölvubúnaði, en sá galli var á að sjúkrabílar og slökkviliðsbílar sáust ekki nema endrum og eins. Æfingin sýndi meðal annars að skerpa þarf á hlutverkum innan AST. Heildarmat: „Plúsarnir voru mun fleiri en mínusarnir“

Umræður

Hjálmar Björn Guðmundsson (HBG) Slökkviliðinu á Blönduósi. Hann benti á að viðbragðsaðilar eiga ekki að hrúga sér of nálægt slysstað. Menn komust ekki að með bílana. Fjarskipti milli björgunarstjóra og sjúkraflutninga voru engin. Lítið upplýsingaflæði var á milli verkþátta. Sumir vissu aldrei hvað var að gerast.

Einar Óli Fossdal (EÓF) sjúkraflutningamaður hjá HSB. Við erum með frábæran hóp og vorum of mörg á of litlu svæði. Þurfum að ræða það frekar. Björgunarstjóri er slökkviliðsmaður og hefur í mörg horn að líta. Meiri teymisvinnu vantaði inn á vettvanginn. Bráðaflokkun gekk vel en menn sáu að sum tilfelli voru rauðari en önnur. Áttum að halda betur í þá sem voru hæfastir til að sinna rauðum til að fara með í fyrstu farartækjum af vettvangi.

Héðinn Sigurðsson (HS) læknir hjá HSB. Sagðist alltaf vera jafnhissa að sjá hvað slökkvilið og

sjúkraflutningamenn eru góðir í vettvangsvinnu. VST var ekki nógu sýnileg í þetta sinn. Í

Húnavatnssýslum þá skarast heilbrigðissumdæmin starfsmenn frá HVE og HSB höfðu gagn og gaman af því að kynnast og vinna saman. Í raunútkalli þá kemur viðbótarlið frá Sauðárkróki eftir hálftíma og síðan kemur hópur frá Reykjavík. Því á að miða æfingar við að utanaðkomandi bjargir berist.

Geir Karlsson (GK) læknir hjá HVE. Við vorum að reyna að koma okkur í gírinn. Það verður alltaf „kaos" þegar svona margir eru slasaðir. Sagðist ekki sjálfur hafa haft yfirsýn yfir slysstaðinn. Á SSS gekk allt mjög smurt. Hvernig á að setja upp greiningarsveitir ? Það væri gott að fá gagnrýni á það. Það var gott að fá tækifæri til að æfa sig og samskipti austur og vestur Húnavatnssýslu.

Hilmar Frímannsson (HF) slökkviliðsstjóri á Blönduósi. Þakkaði öllum fyrir að koma þessari æfingu í framkvæmd. Hún var nauðsynleg til að samhæfa allt á svæðinu og bað um eftirfylgd með þeim lærdómi sem ávannst á æfingunni. Viðbragðsaðilar hafa alltaf reddað sér í slysum en geta gert betur.

Æfingastjóri – samantekt

Íris Marelsdóttir (ÍM) frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra var æfingastjóri. Æfingin var stór og margir komu að henni. Undirbúningur hefur staðið lengi yfir og margir notuðu föstudaginn til að sækja þá fræðslu sem í boði var. Markmið æfingarinnar voru að æfa samstarf og samhæfingu viðbragðsaðila og einnig var markmið að nota niðurstöður æfingarinnar til að ljúka hópslysaáætlun fyrir umdæmið. Í þessari æfingu var samráðshópur áfallahjálpar virkjaður í skrifborðsæfingu og vann samkvæmt skipulagi áfallahjálpar frá árinu 2010. Einnig fengu ráðgjafar sérstaka gátlista til að meta æfinguna eftir. Það er ljóst að viðbragðsaðilar á þessu svæði er áhugasamir og vel þjálfaðir.

Lokaorð

Kristján Þorbjörnsson (KÞ), yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á Blönduósi þakkaði öllum viðbragðsaðilum fyrir þátttökununa og þakkaði starfsfólkinu í eldhúsi sérstaklega fyrir góða súpu og meðlæti. Hann sagði að ungmennin hefðu leikið sjúklingana mjög vel og verið hávær. Því væri spurning hvort viðbragðsaðilar væru ekki fórnarlömbin á þessari æfingu en ekki sjúklingarnir. Hann sagði að þeir sem komu á vettvang hafi verið mjög fljótir að ná tökum á ástandinu og að allir viðbragðsaðilar hefðu fljótlega farið að vinna sem einn maður. VST þarf fjarskiptamann með sér. „Kaos" myndast alls staðar og skipulag snýst um að ná tökum á því. Það tókst í þessari æfingu og samvinna var góð.

Viðauki 4. Umfjöllun fjölmiðla um æfinguna.

www.feykir.is |

Austur-Húnavatnssýsla, Vestur-Húnavatnssýsla | 14.10.11 | 14:55

Hópslysaæfing í umdæmi lögreglunnar á Blönduósi



Frá hópslysaæfingu á Reyðarfirði 17. sept. 2011. Mynd: landsbjorg.is

Á morgun laugardaginn 15. október standa almannavarnir í Húnavatnssýslum og almannavarnardeild ríkislögreglustjóra fyrir æfingu þar sem æfð verða viðbrögð og samvinna viðbragðsaðila við hópslysi. Allir viðbragðsaðilar í umdæminu taka þátt í æfingunni með einum eða öðrum hætti.

Æfingin felst í því að „búin er til slysstaður" á Víðidalsvegi nr. 715 skammt frá vegamótunum, sem eru norðan brúar yfir Víðidalsá. Þar hafa „slasast" um 40 manns í umferðarslysi. Miðstöð æfingarinnar verður í Víðihlíð og af því leiðir að mikil umferð neyðarbifreiða í forgangsakstri verður á milli slysstaðarins og Víðihlíðar á meðan á æfingunni stendur.

Í þessari viku hefur staðið yfir fræðsla vegna æfingarinnar og boðunaræfing var framkvæmd að morgni föstudagsins 14. október.

Í æfingastjórn sitja fulltrúar lögreglu, sjúkraflutninga og brunavarna í umdæminu auk fulltrúa frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Ráðgjafar koma frá Rauða krossinum, Landspítala, ISAVIA, Neyðarlínunni og Slysavarnafélaginu Landsbjörg.

/Fréttatilkynning

www.nordanatt.is

Föstudagur, 21. október 2011 09:34

Eins og greint var frá á Norðanáttinni í síðustu viku þá stóðu almannavarnir í Húnavatnssýslum og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra fyrir æfingu um s.l. laugardag þar sem æfð voru viðbrögð og samvinna viðbragðsaðila að hópslysi. Æfingunni var stýrt af fulltrúum frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra.

Alls voru um 160 manns þátttakendur í æfingunni. Frá Húnaþingi vestra komu þátttakendurnir frá Heilbrigðisstofnuninni, Björgunarsveitinni Húnum, slökkviliði Brunavarna Húnaþings vestra, Rauða krossinum og sjúkraflutningarmenn. Þar að auki var prestur úr Húnaþingi vestra og félagsmálastjóri sem störfuðu í nefnd varðandi æfinguna, ásamt aðilum úr austursýslunni. Auk þess komu ráðgjafar frá Rauða krossinum, Landspítalanum, ISAVIA, Neyðarlínunni og Slysavarnafélaginu Landsbjörg. Þá voru einnig "gestir" sem komu til þess að fylgjast með.

Helga Guðrún Hinriksdóttir var ein af þátttakendunum og var hún þar sem fjöldahjálpastjóri Rauða krossins.

*Helga sagði að ekki hefði annað heyrst á fólki en að almenn ánægja hafi verið með æfinguna. Sjálf var hún afar ánægð með æfinguna. "*Það var í fyrsta lagi mjög gaman að taka þátt í þessu, þ.e. að sjá hvernig þetta stóra batterý gengur*", sagði Helga.*

Æfingin tók mest allan daginn. Þau sem voru í hlutverkum sjúklinga, sem voru u.þ.b. 40 krakkar út 8.-10. bekkjum grunnskóla í Húnaþingi vestra og Blönduósi, voru mætt í Víðihlíð um kl. 8:00 um morguninn. Þar var starfsfólk í eldhúsi mætt til að smyrja brauð og elda súpu í hádeginu. Krakkarnir voru farðaðir miðað við fyrirmæli um mismunandi áverka og fengu fyrirmæli um það hvernig þau áttu að leika síðar um daginn. Þannig áttu sumir að vera í losti, aðrir með mótþróa osfrv. Að sögn Helgu stóðu krakkarnir sig afar vel í sínum hlutverkum. Allir björgunaraðilar mættu svo á svæði um kl. 10:00 og útkallið var um kl. 11:00.

Allri aðgerðinni var stýrt frá Blönduósi þar sem aðgerðarstjórn var staðsett. Voru leiðtogar með talsvöðvar á sér og þurftu að kalla til aðgerðarstjórnar til að fá leyst úr ýmsum atriðum, eins og t.d. viðbótarmannskap í dyragæslu. Hinir slösuðu voru fluttir í Víðihlíð til greiningar og aðhlynningar og var þeim raðað niður í svæði eftir áverkum þeirra. Sem dæmi má nefna að þeir sjúklingar sem voru lítið eða ekkert slasaðir voru settir á svæði "græna sjúklinga".

Æfingunni lauk um kl. 15:00 og mættu þátttakendur, að krökkunum undanskildum, í Víðhlíð þar sem fulltrúi hvers og eins viðbragðsaðila gat stutta skýrslu um hvernig til tókst.

*Helga er á því að allar svona æfingar séu af hinu góða og segir hún engan vafa leika á því að hún sé reynslunni ríkari. "*Bara það að upplifa hvernig svona stórslysi er stýrt var rosalega lærdómsríkt.*" Aðspurð að því hvort erfitt hafi verið að taka þátt í æfingunni sagði Helga það kannski ekki vera beint "*en eftir æfinguna fann maður hvað maður var alveg búinn eftir daginn. Maður hugsaði stöðugt um æfinguna lengi á eftir.*"*

Myndir frá æfingunni má sjá á Húnaþingsblogginu og vef Björgunarsveitarinnar Húnar.

www.almannavarnir.is

Hópslysaæfing í umdæmi lögreglunnar á Blönduósi. 14.10.2011

Á morgun laugardaginn 15. október standa almannavarnir í Húnavatnssýslum og almannavarnardeild ríkislögreglustjóra fyrir æfingu þar sem æfð verða viðbrögð og samvinna viðbragðsaðila við hópslysi. Allir viðbragðsaðilar í umdæminu taka þátt í æfingunni með einum eða öðrum hætti.

Æfingin felst í því að „búin er til slysstaður“ á Víðidalsvegi nr. 715 skammt frá vegamótunum, sem eru norðan brúar yfir Víðidalsá. Þar hafa „slasast“ um 40 manns í umferðarslysi. Miðstöð æfingarinnar verður í Víðihlíð og af því leiðir að mikil umferð neyðarbifreiða í forgangsakstri verður á milli slysstaðarins og Víðihlíðar á meðan á æfingunni stendur.

Í þessari viku hefur staðið yfir fræðsla vegna æfingarinnar og boðunaræfing var framkvæmd að morgni föstudagsins 14. október.

Í æfingastjórn sitja fulltrúar lögreglu, sjúkraflutninga og brunavarna í umdæminu auk fulltrúa frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Ráðgjafar koma frá Rauða krossinum, Landspítala, ISAVIA, Neyðarlínunni og Slysavarnafélaginu Landsbjörg

www.landsbjorg.is

Hópslysaæfing í Húnavatnsýslu. 16. október 2011

Í gær, laugardaginn 15. október, var haldin hópslysaæfing þar sem rútuslys var sett á svið. Slysstaðurinn var á Víðidalsvegi. Í rútunni voru 40 farþegar mismikið slasaðir. Söfnunarsvæði slasaðra var sett upp í Víðihlíð en þar voru þeir greindir og flokkaðir til flutnings. Aðgerðastjórn var staðsett á Blönduósi sem fór með samhæfingu og stjórn allra viðbragðsaðila. Æfingin tókst mjög vel í alla staði en í henni tóku þátt fjöldi björgunarmanna frá Húnum Hvammstanga, Blöndu Blönduósi og Strönd Skagaströnd ásamt lögreglu, slökkviliði og öðrum viðbragðsaðilum á svæðinu.



www.redcross.is

Æfð viðbrögð við rútuslysi *25.10.2011*



Tekið á móti farþega rútunnar og hann skráður inn á fjöldahjálparstöðina.

Sjálfboðaliðar deilda Rauða krossins í Húnavatnssýslum tóku þátt í rútuslysaæfingu sem haldin var í nágrenni Víðihlíðar í Víðidal á dögunum. Víðihlíð er skipulögð fjöldahjálparstöð Hvammstangadeildar en auk þess að gegna hlutverki sínu sem slík var söfnunarsvæði slasaðra í æfingunni einnig staðsett þar.

Fljótlega eftir að æfingin hófst var komið með lítið slasaða í fjöldahjálparstöðina. Sjálfboðaliðar Rauða krossins voru fengnir til að annast þá þar til tími gæfist til að sinna þeim betur, auk þess sem aðrir sjálfboðaliðar aðstoðuðu við aðhlynningu á söfnunarsvæði slasaðra.

Vel á annað hundrað manns tók þátt í æfingunni frá öllum viðbragðsaðilum á svæðinu, þ.á.m. unglingar sem léku hlutverk slasaðra.

Viðauki 5. Gátlistar vegna rýni

Gátlisti – Rýni – Aðgerðarstjórn(AST)

Fyrsta viðbragð og framkvæmd aðgerðarstjórnar	**Athugasemdir**
1. Hversu langan tíma tók fyrir AST að fá yfirsýn yfir ástand mála, þarfir, aðföng, bjargir og framkvæmdina?	
2. Gat AST aflað sér nægjanlegra upplýsingar til að meta stærð og umfang slyssins?	
3. Gat AST gefið öðrum greinargóða lýsingu á heildarástandinu í sínu umdæmi?	
4. Lagði aðgerðarstjóri mat á ástandið m.t.t. hvort frekari aðstoð annarstaðar frá væri nauðsynleg?	
5. Var aðgerðarstjórinn fljótur að taka frumkvæði, gefa fyrirmæli og deila niður verkefnum?	
6. Hve langan tíma tók að koma á verkþáttaskipulagi innan AST?	
7. Einbeitti aðgerðarstjórinn sér að hlutverki sínu og réttum áherslum við framkvæmdina?	
8. Var stjórnunarstíll aðgerðarstjórans að hafa góð áhrif? (ofstjórnun - vanstjórnun, samvinna – einstefna)	
9. Náði aðgerðarstjóri að skapa gott flæði í aðgerðinni?	
10. Var aðsetur AST á hentugum stað, vel merkt og nægjanlega vel útbúið?	
11. Var skipan AST í samræmi við umfang og eðli aðgerðarinnar?	
12. Var verkþáttur ÁÆTLUN virkjaður/mannaður í samræmi við umfang og eðli aðgerðarinnar og á viðgeigandi stundu?	
13. Var verkþáttur BJARGIR virkjaður/mannaður í samræmi við umfang og eðli aðgerðarinnar og á viðeigandi stundu?	
14. Var verkþáttur FRAMKVÆMD virkjaður/mannaður í samræmi við umfang og eðli aðgerðarinnar og á viðeigandi stundu?	
15. Fór aðgerðarstjórinn eða fulltrúi hans í vettvangskannanir til að fá skýrari mynd af aðstæðum?	
16. Var í áætlanagerð vakin sérstök athygli á ytri aðstæðum sem hefðu getað haft áhrif á aðgerðina?	
17. Voru lagðar fram meginlínur og markmið fyrir framkvæmdina í áætlanagerð (Í tíma og rúmi, raunhæfi og svigrúm)?	
18. Voru verkáætlanir samkvæmt skilgreindum markmiðum kynntar viðeigandi aðilum?	

19. Var skipulag aðgerða ásamt öðrum nauðsynlegum upplýsingum skilmerkilega komið á framfæri með teikningum, kortum og öðrum tiltækum hjálpargögnum?	
20. Var notuð atburðaskráning(logg) í AST?	
21. Voru reglulega haldnir stöðufundir með viðeigandi aðilum og í framhaldi gerðar stöðuskýrslur?	
22. Mat aðgerðarstjóri þörfina á að leita sér sérfræðiaðstoðar ef ástæða var til þess?	
23. Var AST með yfirlit yfir stöðu og fjölda fórnarlamba?	
24. Voru nauðsynlegar þarfir/bjargir skilgreindar og metnar með reglulegu millibili?	
25. Hvernig gekk að tryggja nauðsynleg aðföng/bjargir og var óskum um utanaðkomandi aðstoð tímanlega komið til samhæfingarstöðvar?	
26. Var aðgerðarstjórnstjórnstöð nægjanlega vel mönnuð aðstoðarliði til skráningar, símsvörunar og þesshátta?	
27. Var sett upp vaktakerfi í AST og var til listi yfir afleysingarfólk (stöðufundir)?	
28. Hugaði aðgerðarstjóri að aðbúnaði, starfsskilyrðum og öryggi hjálparliðs?	
29. Var sjúkraflutningur slasaðra úr umdæmi skipulagður tímanlega?	
30. Voru aðgerðarlok og afhending vettvangs til rannsóknaraðila skipulögð?	
Samskipti, Fjarskipti og Fjölmiðlar	**Athugasemdir**
31. Voru samskipti milli AST og VST næg og skilvirk?	
32. Voru samskipti milli AST og SST næg og skilvirk?	
33. Voru samskipti AST við fjölmiðla næg og skilvirk?	
34. Voru samskipti milli aðgerðarstjórans og starfsliðs í AST næg og skilvirk?	
35. Voru samskipti AST við fjöldahjálparstjóra næg og skilvirk?	
36. Var AST með fyrirfram ákveðið skipulag fjarskipta?	
37. Hversu langan tíma tók að koma á skipulagi í fjarskiptunum?	
38. Voru fjarskiptabúnaður og uppsett skipulag fjarskipta að virka?	
39. Var aðgerðarstjóri/fjölmiðlafulltrúi aðgerðarstjórnar tilbúinn að svara spurningum fjölmiðla?	
40. Var sérstakt skipulag á aðgangi fjölmiðla og öflun upplýsinga fyrir fjölmiðla?	

41. Var upplýsingaöflun og miðlun AST skilvirk?	
Þjálfun og þekking	**Athugasemdir**
42. Var aðgerðarstjóra/aðgerðarstjórn kunnugt um staðlaða verkferla fyrir slys sem á við hér?	
43. Hafði aðgerðarstjóri/aðgerðarstjórn kynnt sér almenna verkferla og hlutverk í stórslysum?	
44. Hafði aðgerðarstjórinn fengið kennslu og þjálfun til að takast á við verkefnið?	
45. Höfðu þeir aðilar sem höfðu umsjón með, ÁÆTLUN, BJARGIR og FRAMKVÆMD fengið nægjanlega kennslu og þjálfun?	

Gátlisti – Rýni – aðhlynningarstjóri

Fyrsta viðbragð og framkvæmd á vettvangi	**Athugasemdir**
46. Hversu langa tíma tók aðhlynningarstjóra að fá yfirsýn yfir vettvanginn og framkvæmdina? (Fljótt – miðlungs – hægt)	
47. Gat aðhlynningarstjóri gefið HSB, HVE, AST, SST og öðrum aðilum greinargóða lýsingu á ástandinu á vettvangi?	
48. Var aðhlynningarstjóri með nægar upplýsingar og yfirsýn til að geta beðið um rétta aðstoð við uppsetningu á SSS?	
49. Var aðhlynningarstjóri fljótur að gefa fyrirmæli sem miðuðu að skipulagi og reglu í aðgerðum á SSS?	
50. Hugaði aðhlynningarstjórinn að velferð, starfsaðstæðum og öryggi sinna starfsmanna á vettvangi?	
51. Hvernig gekk aðhlynningarstjóra að koma á skipulagi innan SSS og deila mannafla á svæði innan SSS? fljótt – miðlungs – hægt)	
52. Einbeitti aðhlynningarstjórinn sér að hlutverki sínu og réttum áherslum við framkvæmdina?	
53. Lagði aðhlynningarstjóri mat á það hvort hann þyrfti að skipa sér aðstoðarmenn vegna umfangs aðgerðarinnar?	
54. Var áverkamat á SSS virkjað/mannað í samræmi við umfang og eðli aðgerðarinnar og á viðeigandi stundu ?	
55. Var rautt svæði á SSS virkjað/mannað í samræmi við umfang og eðli aðgerðarinnar og á viðgeigandi stundu?	
56. Var gult svæði á SSS virkjað/mannað í samræmi við umfang og eðli aðgerðarinnar og á viðgeigandi stundu?	
57. Var grænt svæði á SSS virkjað/mannað í samræmi við umfang og eðli aðgerðarinnar og á viðgeigandi stundu?	
58. Var ástand mála endurmetið reglulega ?	
59. Hvernig gekk að tryggja nauðsynleg aðföng/bjargir og var óskum um viðeigandi bjargir tímanlega komið til VST/ AST?	

60. Var SSS nægilega vel mannað ?	
61. Var hugað að skipun afleysingafólks ef á þyrfti að halda ?	
Samskipti, Fjarskipti og Fjölmiðlar	**Athugasemdir**
62. Voru samskipti milli aðhlynningarstjóra, AST, VST og SST næg og skilvirk ?	
63. Voru samskipti milli aðhlynningarstjóra og starfsliðs í SSS næg og skilvirk?	
64. Var aðhlynningarstjóra kunnugt um skipulag fjarskipta?	
65. Var fjarskiptabúnaður og uppsett skipulag fjarskipta að virka?	
66. Var aðhlynningarstjóri viðbúinn að bregðast við áreiti fjölmiðla ?	
67. Var upplýsingaöflun frá SSS skilvirk?	
Þjálfun og þekking	**Athugasemdir**
68. Var aðhlynningarstjóra kunnugt um verkþáttaskipulag almannavarna sem notað er í neyðaraðgerðum ?	
69. Hafði aðhlynningarstjóri farið á námskeið í vettvangsstjórn eða fengið sérstaka þjálfun til að takast á við verkefnið ?	

Gátlisti – Rýni – Björgunarstjóri

Fyrsta viðbragð og framkvæmd á vettvangi	**í lagi**
70. Hversu langa tíma tók björgunarstjórann að fá yfirsýn yfir verkefnið?(Fljótt – miðlungs – hægt)	
71. Fékk björgunarstjórinn nægar upplýsingar til að meta stærð og umfang slyssins?	
72. Var björgunarstjórinn meðvitaður um aðsteðjandi hættur á vettvangi (mengun, eiturefni, eldur, hrunhætta o.fl.)?	
73. Gat björgunarstjórinn fljótt gert sér grein fyrir hvaða og hversu miklar bjargir væru nauðsynlegar?	
74. Var forgangsröðun björgunarstjórans að virka vel?	
75. Gekk björgunarstjóranum vel að samhæfa mismunandi bjargir á slysavettvanginum?	
76. Voru hagsmunir í þágu rannsóknar á vettvangi slyss tryggðir eins og hægt var og í samstarfi við rannsóknaraðila?	
77. Hugaði björgunarstjórinn að velferð, starfsaðstæðum og öryggi björgunarliðs á vettvangi?	
78. Var val björgunarstjórans á staðsetningu bráðaflokkunar svæðis á öruggum og hentugum stað?	

79. Var björgunarstjóri ávallt með nýjustu upplýsingar um fjölda þeirra sem lentu í slysinu?	
80. Sá björgunarstjórinn til þess að bráðaflokkunin væri árangursrík og námvæm?	
Samskipti og fjarskipti	**í lagi**
81. Voru samskipti björgunarstjórans við aðra verkþáttastjóra og hjálparlið næg og skilvirk?	
82. Voru samskipti björgunarstjórans við vettvangsstjóra næg og skilvirk?	
83. Var björgunarstjóranum kunnugt um skipulag fjarskipta?	
84. Var fjarskiptabúnaður og uppsett skipulag fjarskipta að virka?	
Þjálfun og þekking	**Í lagi**
85. Var björgunarstjóranum kunnugt um staðlaða verkferla fyrir slys sem á við hér?	
86. Hefur björgunarstjórinn kynnt sér almenna verkferla og hlutverk í stórslysum?	
87. Hafði björgunarstjórinn fengið nægjanlega kennslu og þjálfun til að takast á við verkefnið?	

Gátlisti – Rýni – Flutningsstjóri

Fyrsta viðbragð og framkvæmd á vettvangi	**í lagi**
88. Hversu langan tíma tók flutningsstjórann að fá yfirsýn yfir verkefnið?	
89. Gat flutningur fórnarlamba af vettvangi hafist fljótt og með öruggum hætti?(Fljótt – miðlungs – hægt)	
90. Var flutningsstjórinn meðvitaður um aðsteðjandi hættur og hindranir á flutningsleiðum (Ástand akstursleiða, ástand flutningstækja, eldur, hrunhætta, veðrátta o.fl.)?	
91. Gat flutningsstjórinn fljótt fengið yfirsýn yfir móttöku og skráningu bjarga?	
92. Gat flutningsstjóri fljótt komið skipulagi á biðsvæði bjarga?	
93. Var skipulag á biðsvæðum BJARGA fullnægjandi?	
94. Sá flutningsstjóri til þess að umsjónarmenn yfir BH, BF og BTB yrðu skipaðir?	
95. Hugaði flutningsstjórinn að velferð, starfsaðstæðum og öryggi björgunarliðs á vettvangi?	

96. Var biðsvæði BJARGA á öruggum og hentugum stað?	
97. Var skipulag flutninga með fullnægjandi hætti?	
Samskipti og fjarskipti	**í lagi**
98. Voru samskipti flutningsstjórans við aðra verkþáttastjóra og hjálparlið næg og skilvirk?	
99. Voru samskipti flutningsstjórans við vettvangsstjóra næg og skilvirk?	
100. Var flutningsstjóranum kunnugt um skipulag fjarskipta?	
101. Var fjarskiptabúnaður og uppsett skipulag fjarskipta að virka?	
Þjálfun og þekking	**Í lagi**
102. Var flutningsstjóranum kunnugt um staðlaða verkferla fyrir slys sem á við hér?	
103. Hafði flutningsstjórinn kynnt sér almenna verkferla og hlutverk í stórslysum?	
104. Hafði flutningsstjórinn/flutningsmannskapur fengið nægjanlega kennslu og þjálfun til að takast á við verkefnið?	

Gátlisti – Rýni – Gæslustjóri

Fyrsta viðbragð og framkvæmd á vettvangi	**Athugasemdir**
105. Hversu langan tíma tók gæslustjóra að fá yfirsýn yfir verkefnið?(Fljótt – miðlungs – hægt)	
106. Fékk gæslustjórinn nógar upplýsingar frá VST og öðrum verkþáttastjórum til að meta stærð og umfang slyssins?	
107. Var gæslustjóri meðvitaður um aðsteðjandi hættur á Vettvangi?	
108. Var gæslustjórinn með góða yfirsýn yfir talningu og flæði fórnarlamba á vettvangi?	
109. Var gæslustjórinn með yfirsýn yfir framkvæmd SSL, staðsetningu og gæslu?	
110. Var gæslustjórinn meðvitaður um lendingarsvæði þyrlu, staðsetning og gæsla?	
111. Voru hagsmunir í þágu rannsóknar á vettvangi slyss tryggðir eins og hægt var?	
112. Hugaði gæslustjórinn að mannaflaþörf m.t.t. gæslu, lokana, umferðarstjórnar og afleysinga?	

113. Hugaði gæslustjórinn að velferð, starfsaðstæðum og öryggi björgunarliðs á vettvangi?	
Samskipti	**Athugasemdir**
114. Voru samskipti gæslustjórans við aðra verkþáttastjóra og hjálparlið næg og skilvirk?	
115. Voru samskipti gæslustjórans við vettvangsstjóra næg og skilvirk?	
116. Var gæslustjóra kunnugt um skipulag fjarskipta?	
117. Voru fjarskiptabúnaður og uppsett skipulag fjarskipt að virka?	
Umferðarskipulag og annað skipulag á vettvangi	**Athugasemdir**
118. Er skipulag og mönnun innri og ytri lokana í lagi?	
119. Eru merkingar á lokunum innri og ytri vettvangs að virka?	
120. Er umferðarskipulag innan vettvangslokana skilvirkt og stuðlar að öryggi?	
121. Er umferðarskipulag utan vettvangslokana skilvirkt og stuðlar að öryggi?	
Þjálfun og þekking	**Athugasemdir**
122. Var gæslustjóra kunnugt um staðlaða verkferla fyrir slys sem á við hér?	
123. Hafði gæslustjóri kynnt sér almenna verkferla og hlutverk í stórslysum?	
124. Hafði gæslustjórinn fengið nægjanlega kennslu og þjálfun til að takast á við verkefnið?	

Gátlisti – Rýni – Vettvangsstjóri

Fyrsta viðbragð og framkvæmd á vettvangi	**í lagi**
125. Hversu langa tíma tók vettvangsstjóra/VST að fá yfirsýn yfir vettvanginn og framkvæmdina?(Fljótt – miðlungs – hægt)	
126. Fékk vettvangsstjóri nægar upplýsingar til að meta stærð og umfang slyssins?	
127. Gat vettvangsstjóri gefið AST og öðrum greinargóða lýsingu á ástandinu á vettvangi?	

128. Var vettvangsstjóri með nógar upplýsingar og yfirsýn til að geta beðið um rétta aðsoð til að tryggja framkvæmdina?	
129. Var vettvangsstjórinn fljótur að gefa fyrirmæli sem miðuðu að skipulagi og reglu í aðgerðum á vettvangi?	
130. Hugaði vettvangsstjórinn að velferð, starfsaðstæðum og öryggi björgunarliðs á vettvangi?	
131. Hvernig gekk vettvangsstjóra að koma á verkþáttaskipulagi og deila mannafla á verkþætti?(fljótt – miðlungs – hægt)	
132. Einbeitti vettvangsstjórinn sér að hlutverki sínu og réttum áherslum við framkvæmdina?	
133. Gerði vettvangsstjórinn sér fljótt grein fyrir hvort hann þyrfi að láta kalla saman aðgerðarstjórn sér til aðstoðar?	
134. Lagði vettvangsstjórinn mat á það hvort ástæða væri til að skipta vettvanginum niður í fleiri vettvanga?	
135. Lagði vettvangsstjóri mat á það hvort hann þyrfti að skipa sér VST vegna umfangs aðgerðarinnar?	
136. Var skipan vettvangsstjórnar í samræmi við umfang og eðli aðgerðarinnar?	
137. Var verkþáttur ÁÆTLUN virkjaður/mannaður í samræmi við umfang og eðli aðgerðarinnar og á viðgeigandi stundu?	
138. Var verkþáttur FRAMKVÆMD virkjaður/mannaður í samræmi við umfang og eðli aðgerðarinnar og á viðeigandi stundu?	
139. Sendi vettvangsstjórinn greinargóðar stöðuskýrslur til AST eins og best hæfði?	
140. Var í áætlanagerð vakin sérstök athygli á þeim hættum sem umhverfis voru?(Veðrátta, skriðuföll, eiturgufur o.fl.)	
141. Voru lagðar fram meginlínur og markmið fyrir framkvæmdina í áætlanagerð (Í tíma og rúmi, raunhæfi og svigrúm)?	
142. Voru verkáætlanir samkvæmt skilgreindum markmiðum sendar til AST?	
143. Var skipulag aðgerða ásamt öðrum nauðsynlegum upplýsingum skilmerkilega komið á framfæri með teikningum, kortum og öðrum tiltækum hjálpargögnum	
144. Var vettvangsstjóri meðvitaður um tilefni til að sækja sér sérfræðiráðgjöf?	
145. Voru nauðsynlegar þarfir/bjargir skilgreindar og metnar með reglulegu millibili?	
146. Hvernig gekk að tryggja nauðsynleg aðföng/bjargir og var óskum um viðeigandi bjargir tímanlega komið til AST?	
147. Var vettvangsstjórnstöð nægjanlega vel mönnuð aðstoðarliði til skráningar, símsvörunar og þesshátta?	
148. Var hugað að skipun varavettvangsstjóra til afleysingar?	
149. Hugaði vettvangsstjóri að aðbúnaði og starfsskilyrðum hjálparliðs?	

150. Var staðsenting þess sem sá um FRAMKVÆMD hentug (inni á bækistöð VST/úti á vettvangi)?	
151. Voru aðgerðarlok og afhending vettvangs til rannsóknaraðila skipulögð?	
Samskipti, Fjarskipti og Fjölmiðlar	**í lagi**
152. Voru samskipti milli vettvangsstjóra, verkþáttastjóra og hjálparliðs næg og skilvirk?	
153. Voru samskipti milli vettvangsstjórans og AST næg og skilvirk?	
154. Voru samskipti milli vettvangsstjórans og starfsliðs í vettvangsstjórn næg og skilvirk?	
155. Hver sá um samskipti við starfslið á vettvangi fyrir hönd VST?	
156. Var vettvangsstjóra kunnugt um skipulag fjarskipta?	
157. Hversu langan tíma tók að koma á skipulagi í fjarskiptunum?	
158. Var fjarskiptabúnaður og uppsett skipulag fjarskipta að virka?	
159. Var vettvangsstjóri tilbúinn að svara spurningum fjölmiðla?	
160. Var sérstakt skipulag á aðgangi fjölmiðla og öflun upplýsinga fyrir fjölmiðla?	
161. Var upplýsingaöflun og miðlun VST skilvirk?	
Þjálfun og þekking	**Í lagi**
162. Var vettvangsstjóra kunnugt um staðlaða verkferla fyrir slys sem á við hér?	
163. Hafði vettvangsstjóri kynnt sér almenna verkferla og hlutverk í stórslysum?	
164. Hafði vettvangsstjóri fengið kennslu í vettvangsstjórn og þjálfun til að takast á við verkefnið?	
165. Höfðu aðilar sem höfðu umsjón með, ÁÆTLUN, BJARGIR og FRAMKVÆMD fengið nægjanlega kennslu og þjálfun?	

Gátlisti – Rýni – Fjöldahjálparstjóri

Fyrsta viðbragð og framkvæmd á vettvangi	Athugasemdir
166. Hversu langa tíma tók fjöldahjálparstjóra að fá yfirsýn yfir verkefnið?	
167. Fékk fjöldahjálparstjórinn nægar upplýsingar til að meta stærð og umfang slyssins?	

168. Var fjöldahjálparstjórinn með góða yfirsýn yfir starfsemi fjöldahjálparstöðvarinnar?	
169. Var verkstjórn fjöldahjálparstjórans viðunandi þannig að allt hjálparlið fengi verkefni við hæfi?	
170. Var hjálparlið í fjöldahjálparstöðinni nægilega fjölmennt?	
Samskipti	Athugasemdir
171. Voru samskipti fjöldahjálparstjórans við aðgerðastjórn næg og skilvirk?	
172. Voru samskipti fjöldahjálparstjórans við helstu samstarfsaðila nægileg (kirkjuna, samráðshóp áfallahjálpar, kvenfélag o.s.fr.v.)?	
173. Voru fjarskiptabúnaður og uppsett skipulag fjarskipta að virka?	
Skipulag á vettvangi	Athugasemdir
174. Voru merkingar fjöldahjálparstöðvarinnar fullnægjandi?	
175. Virkaði skráningin vel?	
176. Var aðhlynning þolenda nægileg?	
Þjálfun og þekking	Athguasemdir
177. Hafði fjöldahjálparstjóri fengið nægilega kennslu og þjálfun til að takast á við verkefnið?	
178. Hafði annað hjálparlið fengið nægilega kennslu og þjálfun í hlutverkum sínum?	

Viðauki 6. Leyfisbréf og skráning leikara

Leyfi forsjárhafa vegna almannavarnaæfingar

Ég undirrituð/aður er samþykk/ur því að barn mitt

nafn:_____ kt: _____

taki þátt í rútuslysaæfingu á vegum Almannavarna við Blönduós. Æfingin fer fram laugardaginn 15. október 2011. Þátttaka felur í sér að viðkomandi tekur að sér að leika farþega í sviðsettu rútuslysi og verður í þeim tilgangi farðaður og á hann settir gerviáverkar. Viðkomandi mun svo verða komið fyrir á „slysstað" þar sem björgunaraðilar „bjarga" honum. Allan tímann eru fulltrúar frá bakskipulagi æfingarinnar með eftirlit með framgangi æfingarinnar og er megin áhersla lögð á öryggi og vellíðan þeirra sem leika sjúklinga. Séu minnstu vísbendingar um að öryggi þeirra sé á einhvern hátt ógnað er æfing stöðvuð og brugðist við hugsanlegum vanda. Allar frekari upplýsingar um æfinguna veitir starfsmaður æfingarinnar,

Vigdís Agnarsdóttir í síma xxx xxxx eða vigdisa@gardaskoli.is

Dags._____

_____

Nafn forsjárhafa barns

Vinsamlegast skráið hér ef viðkomandi hefur einhverja sjúkdóma eða heilsukvilla eins og t.d. astma, flogaveiki, sykursýki o.s.frv.

_____
_____

Skráning leikara á slysaæfingu Almannavarna.

Blönduós 2011

Nafn:	
Kennitala:	
Heimilisfang:	
Símanúmer	
Aðstandandi:	
Símanúmer aðstandenda	